# FRÉTTABLAÐIÐ

222. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 20. SEPTEMBER 2016




**Varnarmúrinn** Ísland mætir Skotlandi í undankeppni EM 2017 í dag en íslenska liðið stefnir á sigur í riðlinum og það takmark næst með jafntefli eða sigri. Stelpurnar okkar hafa enn ekki fengið á sig mark í undankeppninni en þær Elísa Viðarsdóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Anna Kristjánsdóttir og Hallbera Gísladóttir ásamt markverðinum Guðbjörgu Gunnarsdóttur mynda varnarmúrinn sem engu liði hefur tekist að komast fram hjá og það stendur ekki til að það breytist í Laugardalnum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Nýjum lyfjum hafnað vegna fjárskorts

**Ný lyf sem hafa verið tekin í notkun á Norðurlöndum koma ekki til Íslands í bráð vegna fjárskorts. Fjármagn til kaupa á nýjum lyfjum er uppurið. Sjúklingar fá ekki sömu úrræði og annars staðar. Nefnd sem annast innkaup forgangsraðar í samvinnu við Landspítala.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Peningar til kaupa á nýjum sjúkrahúslyfjum á þessu ári er uppurnir og nýjum lyfjum hafnað af svokallaðri Lyfjagreiðslunefnd ríkisins. Þetta staðfestir Guðrún Gylfadóttir, formaður Lyfjagreiðslunefndar. Í flestum tilvikum er um að ræða lyf sem eru komin í notkun á öllum hinum Norðurlöndunum. Íslenskir sjúklingar hafa því ekki aðgang að sömu lyfjameðferðum og sjúklingar á Norðurlöndunum. „Afleiðing þessa er að íslenska heilbrigðiskerfið býður alvarlega veiku fólki ekki sömu úrræði í meðferð og sjúklingar fá í þeim löndum sem við höfum viljað bera okkur saman við,“ segir Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri Frumtaka, samtaka frumlyfjaframleiðenda. Þetta þýðir að ný lyf á sviðum þar sem þróunin er mest, til að mynda í krabbameinslækningum og í nýjum gigtarlyfjum, komast ekki á markað hér á landi.

> Heilbrigðiskerfið býður alvarlega veiku fólki ekki sömu úrræði og í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.
>
> Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri



Ríkisstjórnin samþykkti á fundi í febrúar að tryggja meira fé til lyfjakaupa svo unnt yrði að taka í notkun fleiri ný lyf á árinu 2016. Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir rúmum sex milljörðum króna en það fé er nú búið og enn þrír og hálfur mánuður til áramóta.

Guðrún Gylfadóttir, formaður Lyfjagreiðslunefndar, segir það rétt að fjármagn sé uppurið og meira til en vill horfa jákvæðum augum á árið. „Við höfum samþykkt mikinn fjölda nýrra lyfja á árinu. Lyfjagreiðslunefnd forgangsraðar stöðugt lyfjum og gerir það í samvinnu við Landspítalann um að tryggja rétta forgangsröðun,“ segir hún.

sveinn@frettabladid.is

## Sýning um Bó í Rokksafninu

**LÍFIÐ** „Ég tók nú bara vel í þetta. Þetta er glæsilegt safn og skemmtilegt verkefni og þegar þau höfðu samband þá rann upp fyrir mér ljós af hverju ég væri að safna öllum þessum hlutum, söfnunaráráttan hlaut að koma að notum á einhverjum tímapunkti,“ segir tónlistarmaðurinn farsæli Björgvin Halldórsson. Yfirlitssýning um feril hans verður opnuð þann 12. nóvember í Rokksafninu í Reykjanesbæ.



Björgvin hefur verið iðinn við að safna munum og minningum frá ferlinum og segir söfnunaráráttuna komna á „hættulegt stig“. – sm / sjá síðu 26

## Varð meistari er hann gaf dótturinni kæfubrauð

**FÓTBOLTI** „Ég var bara að gefa dóttur minni brauð með kæfu þegar ég varð Íslandsmeistari. Þetta var óneitanlega afar sérstakt,“ segir Heimir Guðjónsson, þjálfari Íslandsmeistara FH, en hann varð Íslandsmeistari í eldhúsinu heima hjá sér í gærkvöldi.

Jafntefli Blika og ÍBV gerði það að verkum að ekkert lið getur lengur náð FH þegar tvær umferðir eru eftir af Pepsi-deildinni.

Það voru nákvæmlega tólf ár í gær síðan FH varð Íslandsmeistari í fyrsta skipti og því vel við hæfi að félagið yrði aftur meistari í gær. Þetta er annað árið í röð sem FH verður meistari og í áttunda sinn á síðustu 13 tímabilum. Þó að liðið hafi orðið meistari heima hjá sér var fagnað í Krikanum.



Heimir Guðjónsson þjálfari FH

„Þetta er ekki alveg eins skemmtilegt svona. Það er meira gaman að vera í stemningunni eins og í fyrra þegar við fögnuðum fyrir framan okkar frábæru stuðningsmenn.“ Heimir er orðaður við uppeldisfélag sitt, KR, þessa dagana. „Við munum klára mótið og svo sest ég niður með FH-ingunum,“ sagði hann. – hbg

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Kári Stefánsson skrifar um Landspítalaskýrsluna og lýðræði. 13



**SPORT** Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta mæta Skotum á Laugardalsvelli í dag og stefna á að halda hreinu í tíunda sinn í undankeppninni. 14

**MENNING** Sóley Rós ræstitæknir, leikdómur um áhrifaríka sýningu í Tjarnarbíói. 20-22

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Suðlæg átt og víða skúrir í dag, jafnvel dembur sunnan- og vestanlands. Milt veður. SJÁ SÍÐU 18

# Græna bylgjan tekin í notkun



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri prufukeyrðu í gær nýjan búnað sem gefur lögreglubílum, sjúkra- og slökkviliðsbílum forgang á umferðarljósum í neyðarakstri. Búnaðurinn, sem verður settur í bílana, lætur umferðarljós vita þegar mikið liggur við sem skipta þá yfir í grænt þegar bílarnir nálgast. Til stendur að koma sams konar búnaði fyrir í strætisvögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Flateyri að finna á Mars

**VÍSINDI** Gígur á yfirborði reikistjörnunnar Mars ber nú nafnið Flateyri. Nafngiftin var samþykkt af örnefnanefnd Alþjóðasambands stjörnufræðinga þann 12. september síðastliðinn en þá fengu tveir gígar á Mars nafn. Hinn var nefndur í höfuðið á norska smábænum Nybyen.

„Gígar á Mars sem eru minna en sextíu kílómetrar á breidd fá nafn eftir bæjum eða borgum á jörðinni þar sem íbúar eru færri en 100.000,“ segir Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness.

Ástæðan fyrir því að Flateyri er valin nú er líklega sú, að sá vísindamaður, sem réð nafninu, hafi nýlega verið á ferð um Ísland. „Fjölmargir geimvísindamenn koma hingað til lands, bæði í rannsóknarleiðangra og sem ferðamenn,“ segir Sævar. Hann bendir til dæmis á að á Títan, stærsta tungli Satúrnusar, sé að finna stöðuvatn sem heitir Mývatn. „Margir koma þangað til að skoða vatnið meðal annars til að kanna aðstæður hvort líf gæti mögulega kviknað.“

Í sólkerfinu er að finna tíu íslensk örnefni. Á Merkúríusi eru fjórir gígar sem heita eftir íslenskum listamönnum og á Mars eru fimm gígar með íslenska tengingu. Einn þeirra er nefndur eftir Leifi Eiríkssyni en hinir fjórir bera nöfn íslenskra bæja. **– jóe**

### Íslensk örnefni á Mars

4 gígar á Mars heita eftir íslenskum bæjum. Auk Flateyrar er þar að finna Vík, Reykholt og Grindavík.



# Vill opna gistiskýli fyrir hælisleitendur

**SAMFÉLAG** Útlendingastofnun hefur skoðað möguleikann á að opna einhvers konar gistiskýli fyrir hælisleitendur. Húsnæðismál hælisleitenda eru í miklum ólestri enda hefur metfjöldi óskað eftir hæli það sem af er ári.

„Að Útlendingastofnun opni einhvers konar gistiskýli eða slíkt kallar á undanþágur og það skýrist á næstu dögum hvort það verður heimilað,“ segir Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar.

Gangi þetta ekki eftir verður neyðarskipulag Rauða krossins virkjað að sögn Kristínar.

Ástandið í húsnæðismálum hælisleitenda er svo slæmt, að sögn Kristínar, að sumir neyðast til að sofa á fleti á göngum í húsnæði á vegum Útlendingastofnunar. **– ngy**

# Sögðu bæjarbúum ekki frá saurgerlum í vatni

**Verkferlar Ísafjarðarbæjar verða endurskoðaðir eftir að láðist að tilkynna íbúum Flateyrar um saurgerlamengun í neysluvatni bæjarins. Ekki er vitað hvar í kerfinu skilaboðin um mengunina ströndðuðu. Alvarlegt gagnvart sjúklingum.**

**FLATEYRI** Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða vissu af saurgerlum í neysluvatni Flateyrar í sextán daga án þess að íbúum væri gert viðvart. Fyrst var sagt frá málinu á vef Bæjarins besta.

„Það er ljóst að Ísafjarðarbær hafði vitneskju um þetta og lét okkur ekki vita,“ segir Guðmundur Björgvinsson, íbúi á Flateyri. Hann hefur undanfarna daga verið í samskiptum við bæjarskrifstofu til að fá upplýsingar um málið. „Ég hef fengið svör með niðurstöðum úr sýnatökum síðustu ára en engin svör við því hvað fór úrskeiðis.“

Við eftirlit kom í ljós að útfjólublá ljósapera, sem hefur það hlutverk að drepa slíka gerla, hafði bilað. Skipt var um peru fyrir helgi og ætti neysluvatnið nú að vera laust við gerla. Niðurstöður úr nýrri sýnatöku liggja fyrir í dag.

„Þetta er auðvitað alvarlegt mál, sérstaklega gagnvart hótelum, matvælavinnslu og sjúklingum og fólki með veikt ónæmiskerfi,“ segir Guðmundur.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða tók fyrra sýnið þann 31. ágúst síðastliðinn en það innihélt bæði kólí- og E.kólígerla. Þegar sýnið var tekið stóðu framkvæmdir yfir við vatnsveituna. Talið var líklegt að mengunina mætti rekja til þeirra, og að um tímabundið ástand hefði verið að ræða. Að sögn Antons Helgasonar, forstjóra Heilbrigðiseftirlitsins, var bæjaryfirvöldum gert viðvart. „Hinn 12. september tókum við annað sýni og þá úr íbúðarhúsi sem er tengt annarri lögn. Það reyndist líka innihalda saurgerla. Við gerðum bænum viðvart á ný en lengra ná okkar aðgerðir ekki,“ segir Anton.



**Mengunin uppgötvaðist 31. ágúst en íbúar fengu ekki vitneskju um hana fyrr en um miðjan september.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Niðurstöður sýnatökunnar leiddu ekki til þeirra viðbragða og upplýsingagjafar sem nauðsynlegt er að viðhafa.
>
> Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar



„Niðurstöður sýnatökunnar leiddu ekki til þeirra viðbragða og upplýsingagjafar sem nauðsynlegt er að viðhafa,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Hann bætir því við að hann viti ekki hvar skilaboðin um mengunina ströndðuðu; hvort þau hafi ekki borist frá Heilbrigðiseftirlitinu eða týnst á bæjarskrifstofunni. „Það er til heilla að ekki var um að ræða verulega mengun að þessu sinni, en hins vegar er mjög alvarlegt að mælingar skyldu ekki leiða til tafarlausra aðgerða.“ **johannoli@frettabladid.is**

BRIDS SKÓLINN




BYRJENDUR (stig 1) 3. október: 8 mánudagar frá 20-23
KERFIÐ (stig 2) 5. október: 8 miðvikudagar frá 20-23

- STIG 1 Á byrjendanámskeiði er farið vel yfir leikreglur spilsins og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Ekkert mál að mæta ein/einn.
- STIG 2 Sagnir eru í forgrunni á þessu námskeiði, bæði tveggja-manna-tal og sagnbaráttan. Mikið spilað og ekki nauðsynlegt að koma með makker.

• Staður: Síðumúli 37 í Reykjavík
• Sjá nánar á bridge.is /fræðsla
• Upplýsingar og innritun í síma ... 898-5427




**Kynntu þér Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun | **Tryggt** framtíðarvirði | **Fastar** mánaðargreiðslur

**RAV4** markar upphaf nýrra tíma og gerir hverja ökuferð að hljóðlátri ánægju með nóg rými fyrir fólk og farangur. RAV4 fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn, í dísil-, bensín- og kraftmikilli Hybrid-útfærslu. Glæsileikinn geislar af hönnuninni, jafnt að utan sem innan þar sem mælaborðið skartar stórum margmiðlunarskjá og upplýsingum á 4,2" TFT-skjá. Með 360° myndavél nýtur þú meira öryggis og skynjarar að aftan og framan meta fjarlægðina í öruggum akstri til móts við nýja tíma.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Fyrrverandi ráðherrar mæta verr í atkvæðagreiðslur eftir afsögn

**ALÞINGI** Össur Skarphéðinsson er sá þingmaður sem oftast hefur verið fjarverandi við atkvæðagreiðslur á stöku þingi. Á 143. þingi, 2013-2014, voru óútskýrðar fjarvistir Össurar í atkvæðagreiðslum 625 talsins eða í 72,5 prósent tilfella.

Að öllu jöfnu eru ráðherrar oftar fjarverandi en hinn almenni þingmaður en fjarvistir ráðherra eru að auki oftar tilkynntar. Tveir ráðherrar hafa sagt af sér embætti á kjörtímabilinu en eftir að þeir sögðu af sér fjölgaði óútskýrðri fjarveru þeirra.

Óútskýrð fjarvera Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, var 136 skipti árið 2013-14 en skiptin voru rúmlega tvöfalt fleiri á næsta þingi, eða 346. Það sem af er þinginu nú hefur hann verið fjarverandi í 618 skipti en þar af 501 sinni á árinu 2016. Hann hefur ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu frá 8. júní síðastliðnum, þegar lögbann var sett á verkfallsaðgerðir flugumferðarstjóra, og ekki tekið til máls frá 8. apríl, en þá var vantraust á sitjandi ríkisstjórn rætt.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra

**618**

**sinnum hefur Sigmundur Davíð Gunnlaugsson verið fjarverandi 2015-2016**



Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar

**625**

**sinnum var Össur Skarphéðinsson fjarverandi 2013-2014**

Fjarvera Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fyrrverandi innanríkisráðherra, fylgir svipuðu munstri þó hún sé oftar viðstödd. Þingið 2013-14 var hún fjarverandi í 54 skipti, 93 skipti þingið 2014-15 og hefur verið fjarverandi 212 sinnum á yfirstandandi þingi.

Átta ráðherrar eiga einnig sæti á þingi en óútskýrð fjarvera þeirra á kjörtímabilinu er 619 skipti að meðaltali. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, er sá ráðherra sem oftast hefur verið fjarverandi eða 916 sinnum en Sigurður Ingi Jóhannsson fylgir á hæla hennar með 895 skipti. Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, er sá ráðherra sem sjaldnast hefur verið fjarverandi, 255 sinnum. Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra tilkynnir sjaldnast um fjarvist af ráðherrunum.

Ellefu þingmenn mæta sjaldnar í atkvæðagreiðslur en meðalráðherrann. Auk þeirra fimm, sem sjaldnast mæta, eru það Kristján Möller (729), Árni Páll Árnason(815), Jón Gunnarsson (910), Guðlaugur Þór Þórðarson (713), Höskuldur Þórhallsson (867) og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (889).

Hvorki náðist í Össur Skarphéðinsson né Sigmund Davíð Gunnlaugsson við vinnslu fréttarinnar. **- jóe**

# Vinnubrögð forystumanna BSRB sögð vera gerræðisleg

## Forsvarsmenn fjögurra stéttarfélaga innan BSRB eru andvígir breytingum á lífeyrissjóðakerfinu. Sjúkraliðar segja vinnubrögð forystu BSRB gerræðisleg.



**Bjarni Benediktsson segir að samkomulagið sé stærsta framlag vinnumarkaðarins til stöðugleika inn í framtíðina. Hér heilsar hann Elínu Björgu Jónsdóttur, formanni BSRB, og Þórunni Sveinbjarnardóttur, formanni BHM.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KJARAMÁL** Forsvarsmenn fjögurra stéttarfélaga innan BSRB bókuðu mótmæli gegn fyrirhuguðum breytingum á lífeyrissjóðakerfinu á formannafundi sem fór fram í Reykjanesbæ í byrjun september. Þetta voru forsvarsmenn Landssambands lögreglumanna, Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sjúkraliðafélagsins og Tollvarðafélagsins.

Samkomulag um breytingar á lífeyrissjóðakerfinu voru kynntar á blaðamannafund í gær. Það felur í sér að allt launafólk mun njóta sambærilegra lífeyrisréttinda hvort sem það starfar á opinberum eða almennum vinnumarkaði.

Launafólki verður gert betur kleift að færa sig milli almenns og opinbers vinnumarkaðar hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi teljandi áhrif á ávinnslu lífeyrisréttinda. Lífeyrisaldur opinberra starfsmanna verður hækkaður úr 65 árum í 67 ár, en þó verður tryggt að núverandi sjóðsfélagar haldi óbreyttum réttindum og geti farið á eftirlaun 65 ára ef þeir kjósa.

„Samhliða þessu er skiljanlegt að menn leggi áherslu á það að önnur launakjör verði jöfnuð en það hefur ætíð reynst mjög erfitt að taka samtal um jöfnun launakjara á meðan lífeyrisréttindin eru ekki sambærileg. Í framhaldi af þessum breytingum er hægt að ræða um jöfnun launakjara á allt öðrum grunni heldur en gert hefur verið til þessa,“ sagði Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, þegar hann kynnti breytingarnar.

„Grunnprinsippið, samræmt lífeyriskerfi og samræmd launakerfi, er góðra gjalda vert og eitthvað sem við erum fyllilega sammála,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna.

Hins vegar sé með samkomulaginu verið að ganga frá til framtíðar réttindaafsali starfsmanna hins opinbera á meðan ekki liggur fyrir á sama tíma hvernig farið verður í að leiðrétta launamuninn milli starfsmanna opinbera og almenna markaðarins. Hann telur að þetta hefði þurft að taka til skoðunar samtímis.

> **Grunnprinsippið, samræmt lífeyriskerfi og samræmd launakerfi, er góðra gjalda vert og eitthvað sem við erum fyllilega sammála.**



Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna.

Stefán Pétursson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, segir að stefna sambandsins sé, og hafi verið í mörg ár, að flýta starfslokum sinna félagsmanna. „Okkar óskastaða væri að hefja lífeyristöku um 55 ára aldurinn. En þarna í þessu samkomulagi er talað um að hækka lífeyrissjóðsaldurinn úr 65 í 67 ár og við getum ekki samþykkt það. Það er alveg útilokað,“ segir Stefán.

Í ályktun félagsstjórnarfundar Sjúkraliðafélags Íslands, sem haldinn var 13. september síðastliðinn, segir að stjórnin lýsi yfir verulegum vonbrigðum með þá aðila í forystu BSRB sem hafi samið um og samþykkt gríðarlegar skerðingar á framtíðarlífeyrisréttindum A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brúar (lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga). Vinnubrögðin voru sögð gerræðisleg og hvatt til þess að samkomulagið yrði ekki undirritað fyrr en búið væri að kjósa um það í almennri kosningu opinberra starfsmanna **jonhakon@frettabladid.is**




# Fundu óhreyft tímahylki nasista

**PÓLLAND** Tímahylki frá tímum þriðja ríkisins var opnað um liðna helgi í pólska bænum Zlocieniec. Þá hafði það legið óhreyft frá 22. apríl 1934.

Hylkið fannst grafið undir byggingu sem áður hýsti þjálfunarbúðir og skóla fyrir verðandi yfirmenn og starfsmenn nasista. Fornleifafræðingar höfðu lengi vitað af því en farið varlega við uppgröftinn þar sem margar sprengjur var að finna á svæðinu.

Í hylkinu var meðal annars að finna tvö eintök af riti Adolfs Hitler, Mein Kampf, eintak af áróðursmyndinni Falkenburg auk úrklippa úr ýmsum þýskum og pólskum dagblöðum frá þeim tíma er hylkinu var lokað. Þá var þar að finna bréf til þess sem síðar myndi finna hylkið.

Innihald hylkisins verður þýtt yfir á önnur tungumál og gert aðgengilegt almenningi eins fljótt og kostur er. **– jóe**




**Blöðin höfðu varðveist vel í tímahylkinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




## Passat og Golf Variant á langtum betra verði.

Nú er góður tími til að fá sér lengri gerðina af Passat eða Golf því þeir eru á frábæru tilboði í takmarkaðan tíma. Þú færð meira pláss fyrir fjölskylduna og meiri bíl fyrir peninginn. Komdu til okkar í reynsluakstur og taktu lengri leiðina á Passat Variant eða Golf Variant. Það borgar sig á alla vegu.

Passat Variant, verð frá:
**4.390.000 kr.**

Golf Variant, verð frá:
**2.990.000 kr.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




**Nicorette Cooldrops munnsogstöflur** (inniheldur nikótín) er notað við tóbaksfíkn. Það dregur úr fráhvarfseinkennum og reykingaþörf og auðveldar reykingamönnum að venja sig af reykingum. Skammtar: Börn: Lyfið má einungis nota handa unglingum (12-17 ára) skv. ráðleggingum læknis. Börn yngri en 12 ára mega ekki nota lyfið. Fullorðnir: 2 mg henta reykingafólki sem er lítið háð nikótíni. 4 mg þeim sem er mjög háðir nikótíni. Hámarksdagskammtur er 15 stk. Ekki á að nota lyfið lengur en 9 mánuði. Venjulega vegur ávinningur af að hætta að reykja þyngra en áhætta sem fylgir nikótínmeðferð. Setja á 1 munnsogstöflu í munninn og láta hana leysast upp. Hvorki má tyggja hana né gleypa. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting, nýlegt heilablóðfall og/eða óstöðugt blóðrásarkerfi skal einungis nota Nicorette undir eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða eða eru með: háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við lækni. Nikótín berst yfir fylgju og getur haft áhrif á blóðrás og öndun fósturs. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC-L/K-2016-08-1




## Minntust mótmælanna



Munkar og menntamenn gengu um götur Yangon, stærstu borgar Mjanmar, til að minnast þess að um þessar mundir eru níu ár liðin frá „saffranmótmælunum“. Þá flykktist fólk út á götur landsins til að mótmæla þeirri ákvörðun stjórnvalda að margfalda verð á olíu, bensíni og gasi. Afleiðing mótmælanna varð sú að talsverðar breytingar voru gerðar á stjórnkerfi landsins en á þessum tíma var herstjórn við völd í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Stór mál eftir á Alþingi þegar stutt er í þingrof

**Sjö stór mál eru eftir á Alþingi þegar nokkrir dagar eru eftir af þinginu. Nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd eru undir miklu álagi með langflest málin undir. Áhyggjur af því að stjórnarandstaðan hleypi LÍN-málinu ekki í gegn.**

**STJÓRNMÁL** Þegar aðeins átta starfsdagar eru eftir af starfsáætlun Alþingis á eftir að ljúka nokkrum stórum málum í meðförum þingsins. Heimildir Fréttablaðsins herma að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sé undir gríðarlega miklu álagi en undir hana heyra tillögur ríkisstjórnarinnar um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, frumvarp um verðtryggð neytendalán, losun fjármagnshafta og aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Til umræðu er að fjölga nefndarfundum til að ná saman um málin.

Í gær kynntu fulltrúar ríkisstjórnarinnar frumvarp um breytingar á lífeyriskerfinu, sem alla jafna færi til efnahags- og viðskiptanefndar. Þingmenn stjórnarandstöðunnar sem Fréttablaðið ræddi við, sjá ekki fram á að málið nái að klárast. Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar, vonast til þess að frumvarpið fari frekar inn í fjárlaganefnd til að létta undir með efnahagsnefnd.

Tvísýnt er um afdrif frumvarps um bann við verðtryggðum neytendalánum til 40 ára, svokölluðum Íslandslánum. „Þar eru mjög skiptar skoðanir. Það er erfitt að afgreiða það. Málið verður afgreitt út en það er ekki víst að það sé fullkomin sátt á milli allra innan stjórnarflokkanna. Og ekki heldur innan stjórnarandstöðunnar. Svo veit maður ekki hvernig það mun enda.“



### Viðamikil útistandandi mál

- Breytingar á lífeyriskerfinu
- Fyrsta fasteign
- Bann við Íslandslánum
- Aðgerðir gegn skattsvikum
- Breyting á almannatryggingakerfinu
- LÍN-málið
- Rammaáætlun

> Þetta eru vandasöm verk. Það er ekki gott að gera mikið af mistökum núna.
>
> Brynjar Níelsson

Í sumar kynntu forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar verkefnið Fyrsta fasteign, sem heimilar fólki að nota séreignarlífeyrissparnað til kaupa á fyrstu fasteign sinni. Spurður um afdrif þess máls segist Brynjar með semingi ekki vita hvort náist að afgreiða það.

Annað mál sem mikill vafi leikur á um er breyting á Lánasjóði íslenskra námsmanna. „Það er eitt af þessum flóknu málum. Það er mikil andstaða við það. Ég hef áhyggjur af því að stjórnarandstaðan muni ekki hleypa því í gegn.“

Þverpólitísk sátt virðist ríkja um losun fjármagnshafta en næsti áfangi hefur þó tekið einhverjum breytingum í meðförum nefndarinnar. „Þetta eru vandasöm verk. Það er ekki gott að gera mikið af mistökum núna,“ segir Brynjar og bætir við að tíma taki fyrir nefndina að leita aðstoðar sérfræðinga við flest þessara mála og þá dugi ekki að blaðra endalaust.


snaeros@frettabladid.is


DACIA
DACIA DUSTER
Fjórhjóladrifinn, dísil
ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ - ÖFLUGUR Í TORFÆRUM
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU
Nú með íslensku leiðsögukerfi og 7 tommu snertiskjá
DUSTER
KY U32
Verð kr.
3.890.000
Eyðsla í blönduðum akstri 5,3 L/100 km*
Hlaðinn staðalbúnaði m.a.: Bakkskynjari, leðurstýri, hæðarstilling á stýri, loftkæling AC, útvarp-CD með 4 hátölurum, USB og MP3 tengi, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, samlitir stuðarar og hurðarhúnar, litaðar rúður, svart „Compass" tauáklæði, 1/3 - 2/3 niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, geymsluhólf í framhurðum, kortavasar á framsætum, ABS-hemlakerfi, 6 loftpúðar, hæðarstilling á sætisbeltum, forstrekkjarar á sætisbeltum, ISOFIX barnastólafestingar, ESC stöðugleikastýring, fjarstýrðar hurðarlæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, ræsivörn, varadekk, sex aðgerða aksturstölva, þokuljós að framan, rafknúnir speglar, dagljósabúnaður, aðgerðahnappar í stýri, rafknúnar rúður, lesljós við framsæti.
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
www.dacia.is
ENNEMM / SÍA / NM76915
B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516







# Fáir flugu til Egilsstaða

**Gert var ráð fyrir 35 flugferðum milli London og Egilsstaða í sumar. Aðeins níu ferðir voru þó farnar. Verkefnisstjóri telur þó að mikilvægt skref hafi verið stigið í sumar í eflingu millilandaflugs frá Egilsstaðaflugvelli með verkefninu.**

**SAMGÖNGUR** Einungis níu flug fóru á milli Egilsstaða og Gatwick-flugvallar í London í sumar. Þetta kemur fram í tölum frá Isavia, en flogið var á tímabilinu 9. júlí til 20. ágúst. Gert var ráð fyrir að ferðirnar yrðu 35 þegar áform um þær voru kynnt í október í fyrra, en fljúga átti á tímabilinu 28. maí til 24. september.

Að sögn Maríu Hjálmarsdóttur, verkefnastjóra hjá Austurbrú, sem heldur utan um verkefni til að efla Egilsstaðaflugvöll er útkoma sumarsins viss vonbrigði og ekki í takt við þær væntingar sem gerðar voru til þess. „Auðvitað eru þetta ákveðin vonbrigði. Við erum samt sem áður ánægð með að flug hafi þó haldist inni,“ segir María sem segir að kannski hafi væntingarnar verið aðeins of miklar í upphafi. Hún segir að vonast hafði verið til að ná allt að 80 prósenta sætanýtingu í fluginu, en niðurstaðan hefði verið undir þeirri tölu. Þó bendir hún á að þeir farþegar sem komu hafi verið ánægðir með áfangastaðinn.

María segir að ýmsir þættir hafi orsakað það að færri farþegar sóttust eftir því að fljúga til Egilsstaða frá London. „Í ár voru til dæmis opnaðar fleiri leiðir frá Bretlandi til Keflavíkur, m.a. frá Manchester og Birmingham. Þannig að aðilar þaðan voru kannski ekki að fara að fljúga til Íslands á nýjan áfangastað frá London þar sem þeir gátu notað velli nær þeim. Síðan féll pundið og það hafði sín áhrif,“ segir María sem telur þó að mikilvægt skref hafi verið stigið í sumar til að efla Egilsstaðaflugvöll.



**Frá Egilsstaðaflugvelli.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

> **Auðvitað eru þetta ákveðin vonbrigði.**
> María Hjálmarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú



Það var breska fyrirtækið Discover the World sem skipulagði flugferðirnar, en ferðaþjónustufyrirtækin Tanni Travel á Eskifirði og Fjallasýn á Húsavík önnuðust sölu þeirra hér á landi. Þá unnu starfsmenn Austurbrúar að markaðsmálum í þágu flugsins á grunni sóknaráætlunar landshluta fyrir Austurland. María segir að sú vinna muni nýtast öðrum flugrekstraraðilum sem hafa áhuga á að fljúga til og frá Egilsstöðum.

Ekki er ljóst hvort framhald verður á millilandafluginu, en viðræður standa nú yfir við Discover the World og fleiri aðila. „Það er verið að skoða flug strax í apríl fyrir skólahópa, en það er ekki 100 prósent staðfest. Einnig er verið að skoða sams konar flug í október næsta ári. Allt annað er í skoðun,“ segir María.

„Það er fullur stuðningur á svæðinu við áframhaldandi þróun verkefnisins. Heimamenn telja mikilvægt að fleiri gáttir séu nýttar í flugi inn í landið, t.d. á stöðum eins og á Akureyri og Egilsstöðum.“ **hlh@frettabladid.is**

# Hryðjuverkamaður í haldi

**BANDARÍKIN** Lögregla handtók í gær Ahmad Khan Rahami sem grunaður er um að bera ábyrgð á sprengjuárásunum í New York og New Jersey um helgina. Rahami fannst í bænum Linden í New Jersey og var handtekinn eftir að hafa skotið á lögreglu.

Lögregluyfirvöld höfðu áður lýst eftir Rahami en þau vildu yfirheyra hann fyrir mögulegan þátt hans í árásunum. Þar að auki var hann talinn vopnaður og hættulegur.

Enginn lést í árásunum tveimur en 29 særðust þegar sprengja sprakk í Chelsea-hverfi í New York. Bill de Blasio, borgarstjóri New York, sagði þó að árásin tengdist líklega ekki alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum. Sprengjan var falin í ruslagámi og þykir mikil mildi að ekki fór verr.

Sprengjan í New Jersey sprakk stuttu áður en góðgerðarhlaup landgönguliða Bandaríkjahers átti að hefjast. Enginn særðist og er talið að seinkun hlaupsins hafi átt þátt í því.


**Ahmad Khan Rahami.** NORDICPHOTOS/AFP

Rahami er sagður hafa sést á öryggismyndavélum nærri báðum stöðum, meðal annars sást hann leggja frá sér íþróttatösku nærri fyrrnefndum ruslagámi.

Rahami er 28 ára gamall og talinn búa í bænum Elizabeth í New Jersey. Á heimili hans fannst bakpoki með nokkrum sprengjum á sunnudagskvöld. **– þea**




# Skatturinn á eftir Airbnb

**DANMÖRK** Danska ríkisstjórnin vill að vefsíðan Airbnb, sem er risastór leigumarkaður fyrir ferðamenn, veiti skattayfirvöldum í Danmörku upplýsingar um leigutekjur Dana. Hærri frádráttur leigusala yrði háður því að upplýsingarnar komi frá Airbnb en ekki leigusalanum sjálfum. Í frétt danska ríkisútvarpsins segir að hingað til hafi Airbnb aldrei afhent slíkar upplýsingar af fúsum og frjálsum vilja.

Bent er á að þeir sem leigja út húsnæði sitt í skammtímaleigu þéni vel og að Airbnb fái ákveðið hlutfall af tekjunum. Fyrirtækið er starfrækt í yfir 190 löndum og 35 þúsundum bæja. Víða um heim reyni yfirvöld að fá Airbnb til að afhenda gögn um hverjir leigusalarnir eru og hversu mikið þeir þéna.

Við fyrirspurn danska ríkisútvarpsins greinir Airbnb frá því að almennt þéni danskir leigusalar 13.800 danskar krónur á ári með því að leigja húsnæði sitt út í 22 nætur að meðaltali. Nú er lágmarksfrádrátturinn 24 þúsund danskar krónur á ári leigi menn út húsnæði, sem þeir búa í, í skammtímaleigu. Danska ríkisstjórnin er reiðubúin að hækka frádráttinn í 34 þúsund danskar krónur komi upplýsingarnar um tekjurnar sjálfkrafa frá Airbnb. **– ibs**



# Til hamingju stelpur!

ÍSLAND Á EM

Við óskum íslenska kvennalandsliðinu innilega til hamingju að hafa tryggt sér sæti í lokakeppni EM 2017 í Hollandi. Þetta er þriðja sinn í röð sem stelpurnar okkar komast í lokakeppni EM. Íslenska kvennalandsliðið er í fremstu röð í heiminum og Landsbankinn óskar liðinu góðs gengis í Hollandi á næsta ári. **Áfram Ísland!**

Við hvetjum ykkur til að fylla Laugardalsvöll í dag þegar Ísland mætir Skotlandi í lokaleik riðilsins en leikurinn hefst kl. 17.00.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**Donald Trump er væntanlega ánægður með niðustöður kannana.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Trump aftur upp að hlið Clinton

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forsetaframbjóðandi Repúblikana í Bandaríkjunum, er aftur kominn upp að hlið Hillary Clinton, frambjóðanda Demókrata, í baráttunni um forsetaembættið ef marka má skoðanakannanir. Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem RealClear Politics tekur saman munar nú 0,7 prósentustigum á fylgi þeirra. Trump mælist með 40,3 prósent en Clinton 41 prósent.

Forskot Clinton hefur verið afgerandi frá landsþingi Demókrata sem fór fram í lok júlí. Hefur það mest farið upp í nærri átta prósentustig. Nú hefur Trump hins vegar saxað á forskotið.

Samkvæmt könnun YouGov er ein orsaka fylgistaps Clinton heilsa hennar en greint var frá því í síðustu viku að hún væri með lungnabólgu. Alls sögðu 38 prósent aðspurðra að heilsa hennar væri ekki nógu góð til að hún gæti sinnt embættisskyldum forseta.

Þá mælist Trump einnig með meira fylgi en Clinton í stærstu baráttufylkjunum, Ohio og Flórída. **– þea**

# Byggja sextíu ný hjúkrunarrými

**KÓPAVOGUR** Samkomulag hefur náðst um að byggja 64 ný hjúkrunarrými í Boðaþingi í Kópavogi. Byggt verður við núverandi byggingu í sem er nú þegar með 44 rými. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra, Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, og Theodóra Þorsteinsdóttir, formaður bæjarráðs, undirrituðu samkomulagið á föstudag.

Heildarkostnaður við viðbygginguna er áætlaður nærri hálfur annar milljarður króna og mun velferðarráðuneytið greiða 85 prósent kostnaðarins en Kópavogsbær fimmtán prósent.

Á næstunni verður skipaður starfshópur sem á að vinna áætlun um fullnaðarhönnun byggingarinnar í samræmi við lög um skipan opinberra framkvæmda. Þegar hönnun liggur fyrir verður heimildar til verklegra framkvæmda leitað. **– þea**

# Merkel ætlar hvergi að hvika þrátt fyrir fylgistap

**ÞÝSKALAND** Þriggja ára gamall stjórnmálaflokkur hægri þjóðernissinna, Alternative für Deutschland, hefur náð töluverðu fylgi undanfarið í kosningum til landsþinga í nokkrum sambandslöndum Þýskalands.

Nú síðast hlaut flokkurinn rúmlega fjórtán prósent atkvæða í kosningum til landsþingsins í Berlín á sunnudaginn var.

Þetta er sama fylgi og flokkurinn mælist með á landsvísu í Þýskalandi. Hann er nú kominn með menn á þing í tíu af sextán landsþingum Þýskalands og hefur fengið allt upp undir 25 prósent atkvæða.

Flokkurinn hefur verið í fararbroddi neikvæðrar umræðu um flóttafólk og útlendinga í Þýskalandi og virðist fylgisaukningin einkum tengjast þeirri umræðu.

Merkel kanslari sagði í gær að augljóslega væru kjósendur að refsa flokki hennar fyrir yfirlýsingar um að vel verði tekið á móti flóttafólki. Hún sagði úrslitin í Berlín afar sár og sagðist nú ætla að leggja sig fram við að útskýra stefnu sína í málefnum flóttamanna betur fyrir fólki. **– gb**



**Leiðtogar AfD-flokksins kampakátir með úrslitin á sunnudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Flokkur Pútíns getur nú breytt stjórnarskrá Rússlands að vild

## Sameinað Rússland, flokkur Vladimírs Pútíns forseta, hlaut 54 prósent atkvæða og fjórðung þingsæta. Kosningaþátttakan var þó minni en nokkru sinni, innan við 50 prósent. Þrír aðrir flokkar náðu inn á þing.

**RÚSSLAND** Næsta kjörtímabil verða meira en þrír af hverjum fjórum þingmönnum rússnesku dúmunnar, neðri deildar rússneska þingsins, þingmenn Sameinaðs Rússlands, stjórnarflokks þeirra Dmitrís Medvedev forsætisráðherra og Vladimírs Pútín forseta.

Þetta þýðir að flokkurinn getur í reynd breytt stjórnarskrá landsins að vild án þess að þurfa stuðning frá neinum öðrum flokkum.

„Þetta var góður árangur,“ sagði Pútín þegar hann heimsótti kosningamiðstöð flokksins á sunnudagskvöld. „Fólk hefur greitt Sameinuðu Rússlandi atkvæði sitt, jafnvel þótt ástandið sé ekki gott.“

Hann sagðist telja að vegna þess að ástandið er ekki sem best þá vilji fólk fá stöðugleika: „Ég held að þannig líði fólkinu og það vill þennan stöðugleika. Í svona flókinni stöðu vill það hafa öryggi í landinu, í stjórnmálunum og á þingi.“

Kosningaþátttakan hefur hins vegar aldrei verið minni, ekki nema 47 prósent. Í reynd var það ekki nema fjórðungur kosningabærra manna sem tryggði flokknum þennan yfirgnæfandi meirihluta.

Þessi lélega kosningaþátttaka virðist benda til lítils áhuga almennings á kosningunum. Hún gæti einnig bent til þess að stuðningur almennings við Pútín sé kannski ekki jafn afgerandi og talið hefur verið. Áhugaleysið gæti einnig stafað af því að aðrir valkostir hafi ekki þótt líklegir til að ná miklu fram.

Flokkur hans hlaut 54 prósent atkvæða í þingkosningunum á sunnudag og 343 af 450 þingmönnum. Í síðustu kosningum, sem haldnar voru árið 2011, hlaut flokkurinn 49 prósent og 238 þingsæti, þannig að hann hefur nú bætt við sig 105 þingsætum.

Þrír aðrir flokkar náðu mönnum á þing. Kommúnistaflokkurinn fékk 13 prósent, þjóðernisflokkur Vladimirs Zhirinovskí hlaut einnig 13 prósent og Réttlátt Rússland fékk sex prósent. Allir þessir flokkar hafa stutt stjórn Medvedevs.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**47%**

**kosningaþátttaka þýðir að einungis um fjórðungur kosningabærra manna hafi tryggt stjórnarflokknum þennan yfirgnæfandi meirihluta.**

**Vladimír Pútín forseti óskar Dmitrí Medvedev forsætisráðherra til hamingju með stóra sigurinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Kosið á Krímskaga

- Íbúar á Krímskaga tóku þátt í kosningunum til rússneska þingsins á sunnudag.
- Rússar innlimuðu Krímskaga árið 2014, gegn vilja stjórnvalda í Úkraínu en að undangenginni atkvæðagreiðslu meðal íbúa skagans.
- Stjórnvöld á Vesturlöndum hafa öll harðlega gagnrýnt innlimunina og Sameinuðu þjóðirnar segja hana ólöglega. Einungis um tíu lönd hafa viðurkennt innlimun Krímskaga, þar á meðal Norður-Kórea, Sýrland og Kúba.





Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.




mazda

Mazda2 er einn sá allra glæsilegasti í sínum flokki. Sportlegt útlit og spennandi aksturseiginleikar spila þar stórt hlutverk. Mazda2 er meðal annars fáanlegur með 7" snertiskjá, margmiðlunarkerfi með GPS vegaleiðsögn, nálægðarskynjurum, Bluetooth, 16" álfelgum og leðursætum. Þú getur jafnframt fengið Mazda2 með ýmsum öryggisbúnaði líkt og veglínuskynjara, LED aðalljósum með sjálfvirkri hæðarstýringu og snjallhemlunarkerfi sem varar ökumann við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Byltingarkennd SkyActiv tæknin sem sameinar mikinn vélarkraft, lága eyðslu og takmarkalausa akstursgleði er alltaf staðalbúnaður í Mazda.

*Komdu og reynsluaktu Mazda2*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# Þjóðarsátt um lífeyrismál



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Samkomulag ríkisins og stéttarfélaga opinberra starfsmanna er mikilvægt skref í þá átt að auka gagnsæi og stöðugleika. Samanburður kjara á vinnumarkaði verður mun auðveldari en áður.

Oft hefur verið rætt um hallann sem myndast hefur í lífeyrissjóðakerfinu gagnvart framtíðarskuldbindingum. Sú umræða á fyrst og fremst við um þann hluta lífeyriskerfisins sem snýr að hinu opinbera. Almenna kerfið stendur nokkuð vel, þrátt fyrir áföll fyrri ára.

Söfnunarkerfi lífeyrissjóða hefur stundum verið gagnrýnt vegna umfangs þess í fjármálakerfinu. Slíkt er þó lúxusvandamál samanborið við þjóðir sem búa við gegnumstreymiskerfi og hækkandi meðalaldur. Þjóðir með slíkt kerfi munu leggja þungar byrðar á framtíðarskattgreiðendur að óbreyttu, hækka lífeyrisaldur verulega eða skerða lífskjör eldra fólks svo um munar.

Það er full ástæða til að hrósa ríkisstjórn, fjármálaráðherra og stéttarfélögum fyrir þetta skref. Staða ríkissjóðs leyfir að fjármunum sé varið nú í að breyta kerfinu, án þess að það auki til muna þenslu í hagkerfinu. Þetta er rétti tíminn.

Hækkandi greiðslur inn í kerfið munu að vísu auka fjárfestingarþörf lífeyrissjóða. Í ljósi þess að samhliða hefur verið slakað á gjaldeyrishöftum ættu áhrifin að vera minni en meðan sjóðirnir voru lokaðir inni. Samhliða er mikilvægt að fjárfestingarheimildir sjóðanna séu þannig að til lengri tíma verði skynsamlegri áhættudreifingu náð.

Samningarnir nú ná utan um A-deild lífeyrissjóða, en ekki B-deildina. Um nokkurt árabil hefur ekki verið hægt að hefja greiðslur í B-deild opinberra lífeyrissjóða sem veitir rétt til hlutfallslegra eftirlauna miðað við laun starfsmanna í sama starfi. Skuldbinding ríkisins gagnvart þeim hópi sem er í því kerfi er ógreidd og mikilvægt að núverandi hagsveifla verði nýtt til að klára þá skuld við sjóðina.

Eins og gengur eru ekki allir sáttir við þessa ráðstöfun. Fyrir samfélagið er hún ótvírætt skynsamleg og ætti að stuðla að auknu jafnvægi. Eitt af því sem þarf að taka á í lífeyrismálum er að sum störf eru það erfið að fólk komið á efri ár getur ekki stundað þau með góðu móti. Í því ljósi er andstaða stétta eins og lögreglumanna skiljanleg.

Slík tilvik kalla á aðrar lausnir sem ætti að vera hægt að finna innan sameiginlegs kerfis. Það væri skynsamlegt að þær stéttir fyndu farveg til að leysa slík mál í kjarasamningum þar sem tillit væri tekið til langvarandi slits í starfi. Það er miklu heppilegri leið en að fara gegn því sanngirnismáli að allir landsmenn lifi í sama ramma þegar kemur að söfnun lífeyris til efri ára.

**Söfnunarkerfi lífeyrissjóða hefur stundum verið gagnrýnt vegna umfangs þess í fjármálakerfinu. Slíkt er þó lúxusvandamál samanborið við þjóðir sem búa við gegnumstreymiskerfi og hækkandi meðalaldur.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Skrópa mest**

**Þingmenn Samfylkingarinnar skrópa mest við atkvæðagreiðslu á Alþingi, eða í nærri þriðjungi tilvika. Óútskýrðar fjarvistir þingmanna Samfylkingar eru næstum því tvöfalt fleiri en óútskýrðar fjarvistir næstu flokka, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks, þar sem fjarvistirnar eru í kringum 16,5 prósent. Af tíu þingmönnum sem oftast eru fjarverandi eru fimm þeirra í Samfylkingunni. Oddvitar flokksins í Reykjavík, Össur Skarphéðinsson og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Helgi Hjörvar þingflokksformaður og Katrín Júlíusdóttir fyrrverandi varaformaður, mæta öll verr en flestir ráðherrar ríkisstjórnarinnar.**

**Enn einn naglinn**

**Þetta er meiriháttar vandræðalegt fyrir Samfylkinguna svona skömmu fyrir kosningar. Kjósendur eru ekki líklegir til að kaupa rök þingflokksformannsins Helga Hjörvar um að fjarvistirnar gefi skakka mynd af dugnaði þingmanna. Á forsíðu Fréttablaðsins segir hann að á meðal þeirra sem sjaldnast mæta til atkvæðagreiðslu séu starfsömustu stjórnmálamenn landsins. Fyrir flokk sem berst fyrir lífi sínu og að komast upp yfir tíu prósent í fylgi er það nærri dauðadómur að fá á sig þann stimpil að þingmennirnir séu latir og skrópi í vinnu. Það þarf kraftaverkakosningastjóra til að losa þann nagla úr líkkistulokinu svo lítið beri á. snaeros@frettabladid.is**

# Eldri borgarar gætu orðið af 5,3 milljörðum



Haukur Ingibergsson
formaður Landssambands eldri borgara



Jóna Valgerður Kristjánsdóttir
fulltrúi Landssambands eldri borgara í almannatrygginganefnd

Velferðarnefnd Alþingis hefur nú til meðferðar frumvarp Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, um breytingar á almannatryggingum. Í kostnaðarmati með frumvarpinu er áætlað að útgjöld ríkissjóðs aukist um 5,3 milljarða árið 2017. Það merkir að heildargreiðslur til eldri borgara aukast um þá fjárhæð 2017.

Í almannatryggingafrumvarpinu eru umbótatillögur sem varða einföldun kerfisins með því að sameina grunnlífeyri, tekjutryggingu og framfærsluuppbót í einn ellilífeyri en framfærsluuppbótin, sem hefur verið með 100 prósent skerðingu gagnvart öllum öðrum tekjum, verður færð í flokk ellilífeyris þar sem skerðingin verður 45 prósent af öllum tekjum. Heimilisuppbót verður áfram sérstakur bótaflokkur fyrir þá sem búa einir.

**Mælt fyrir um meiri sveigjanleika**

Með fyrirhuguðum breytingum batnar t.d. hagur eldri kvenna sem voru heimavinnandi fram eftir aldri og sinntu heimili og börnum, en þær hafa verið í meirihluta þeirra sem hafa haft framfærsluuppbót og lágar greiðslur úr lífeyrissjóði. Jafnframt bætir breytt kerfi hag þeirra sem eiga sparifé þar sem skerðingarprósenta vegna vaxtatekna fer einnig í 45 prósent, en frá bankahruninu hefur það verið föst fjárhæð, rúmlega 98.000 kr. á ári. Það verður betra en var fyrir hrunið þar sem skerðingar prósenta á vaxtatekjum var 50 prósent.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um meiri sveigjanleika og fjölbreyttari valkosti. Hægt verður að byrja að taka ellilífeyri 65 ára eða geyma það til allt að 80 ára aldurs. Einnig að vera í hálfu starfi og taka hálfan lífeyri.

Undirbúningur breytinga á almannatryggingum hefur staðið yfir í áratug. Landssamband eldri borgara vantir þess að enginn þingmaður víki sér undan því að ganga til verks og afgreiða breytingar á lögum um almannatryggingar fyrir þinglok.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Lýðræði í landinu?



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Fyrir nokkrum dögum barst mér skýrsla McKinsey um Landspítalann, https://www.velferdarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Lykill-ad-fullnytingu-taekifaera-Landspitalansb.pdf. Ég hef aldrei kiknað í hnjánum af aðdáun á ráðgjafarfyrirtækjunum stóru sem hafa það fyrir sið að senda sveitir unglinga inn í fyrirtæki, stofnanir og jafnvel sjálfstæð ríki með það að markmiði að greina ástand, sækja skilning á orsökum og búa til ráðleggingar um það hvernig best sé að gyrða sig í brók. Þær McKinsey-skýrslur sem ég hef séð um ævina, sem hlaupa á tugum, hafa nær undantekningalaust verið lítið annað en frumskógur af súluritum sem lesandinn þvælist um uns hann villist og áhugi hans á efninu hrasar um súlurnar, fellur til jarðar, beinbrotnar og deyr hægum og sársaukafullum dauðdaga úr blóðeitrun og malaríu.

Landspítalaskýrslan er allt öðruvísi. Hún er hnitmiðuð bæði í innihaldi og framsetningu. Greiningin á ástandi spítalans er skýr, skilningur höfundanna á orsökum þess er augljós og þær fáu tillögur til úrbóta sem finnast í skýrslunni virðast sjálfsagðar í því samhengi. Nú vil ég vara lesandann við því að sá möguleiki sé fyrir hendi að mér líki skýrslan einfaldlega af því að ég er henni sammála, hafði komist að sömu niðurstöðum og höfundar hennar áður en ég las hana. Ég vil þó leggja á það áherslu að höfundar skýrslunnar töluðu ekki við mig þannig að við komumst að sömu niðurstöðum óháð hvert öðru. Það má leiða að því rök að ég sé kerfinu samdauna og því lítið að marka mig, en höfundar skýrslunnar koma að utan og glöggt er gests augað.

Skýrslan var unnin af McKinsey í náinni samvinnu við fulltrúa velferðarráðuneytisins, landlæknis og Landspítalans. Hún byggir á þrenns konar samanburði, í fyrsta lagi á samanburði við OECD-löndin, í öðru lagi á samanburði við háskólasjúkrahúsið í UMEÅ og Karólínska háskólasjúkrahúsið og í þriðja lagi á samanburði við fyrri tíma. Skýrslan er aðgengileg á netinu í heild sinni, en ég vil benda á eftirfarandi atriði sem mér finnst skipta máli í tengslum við þá umræðu sem hefur átt sér stað upp á síðkastið:

**1. Ábyrgð**

Fjárfesting í heilbrigðiskerfinu íslenska, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, jókst hægt og bítandi frá 1970 til 2003 og náði því að verða 10,1% þegar hún reis sem hæst. Það skýtur því skökku við þegar Bjarni Benediktsson heldur því fram að það sé óábyrgt af mér og 85 þúsund öðrum Íslendingum að leggja það til í góðærinu mikla að stefnt verði að því að verja 11% til heilbrigðismála. Það er metnaðarfullt en ekki óábyrgt markmið. Það er hins vegar óábyrgt að halda heilbrigðiskerfinu í áframhaldandi svelti eftir að ljóst er orðið hverjar afleiðingar þess eru. Það er líka athyglisvert að hungurvandi heilbrigðiskerfisins á ekki rætur sínar í hruninu. Hann byrjaði 2003 og minnkun á fjárfestingu í heilbrigðiskerfinu sem hlutfall af landsframleiðslu var hraðari frá 2003 og fram að hruni en eftir hrun. Þetta gerðist á þeim tíma sem þjóðirnar í kringum okkur voru allar að auka fjárfestingu í heilbrigðiskerfum sínum. Hörmungarástand heilbrigðiskerfisins í dag er því ekki afleiðing hrunsins heldur pólitískrar ákvörðunar sem tekin var á Alþingi í miðju góðæri. Fjárlaganefnd og síðar Alþingi sem heild komust að þeirri niðurstöðu að fé sem væri varið til heilbrigðisþjónustu hefði tilhneigingu til þess að vera óásættanleg sóun. Það er eins gott fyrir Alþingi að bæta heilbrigðiskerfinu þann skaða sem það er búið að valda, því annars kemst þjóðin að þeirri niðurstöðu að kerfið virki ekki og fer að velta því fyrir sér í fullri alvöru að taka af Alþingi ábyrgð á öllu því sem skiptir hana máli eða einfaldlega leggja það niður.

**2. Illa mannað**

Það eru tvisvar sinnum fleiri sjúklingar á hvern lækni á Landspítalanum heldur en á samanburðarspítölunum. Þetta gæti þýtt að það þyrfti að tvöfalda fjölda lækna á Landspítalanum til þess að hann geti veitt sams konar þjónustu og hinir. Það eru ekki bara miklu færri læknar á Landspítalanum heldur er sá hópur þeirra sem er nýskriðinn út úr skóla og lítt reyndur miklu stærri. Þetta er athyglisverðara fyrir þá staðreynd að það eru fleiri sérfræðingar í læknisfræði á nef hvert á Íslandi en í nokkru öðru landi í Skandinavíu. Afleiðingar manneklunnar eru margvíslegar, það er ekki hægt að sinna öllu sem þörf er á og biðlistar myndast og lengjast, fólk verður langþreytt með þeirri angist sem því fylgir og auknum líkum á mistökum. Það er einfaldlega ekki hægt að stunda læknisfræði af þeim gæðum sem þegnar landanna í kringum okkur fá þegar þeir lenda inni á sjúkrahúsi.

**3. Stefnuleysi**

Skýrsluhöfundar leiða að því rök að það sé engin heildarstefna í heilbrigðismálum á Íslandi. Það sé til dæmis ekki ljóst hvað eigi að höndla á legudeildum Landspítalans, hvað á göngudeildum eða á einkastofum úti í bæ eða í heilsugæslunni eða öðrum sjúkrastofnunum. Það er engin samhæfing og einstakir þættir heilbrigðisþjónustunnar hafa þróast með eigin þarfir að leiðarljósi frekar en þarfir samfélagsins. Heilbrigðisstarfsmenn og þá sérstaklega læknar hafa leitað í þá hluta kerfisins sem gefa hvað mest í aðra hönd. Þess vegna hefur kostnaður við þjónustu sem er veitt á einkastofum úti í bæ aukist umtalsvert á þeim tíma sem skorið hefur verið niður annars staðar. Þessi kostnaðaraukning skýrist af aukinni starfsemi og nýjum samningum við Sjúkratryggingar sem kveða á um hærri endurgreiðslur fyrir veitta þjónustu. Það hefur líka verið tilhneiging til þess að ráðast í flóknari og dýrari aðgerðir á einkastofum. Þessar aðgerðir eru margar hverjar þess eðlis að ef öryggi sjúklinga réði ferðinni væru þær eingöngu framkvæmdar á sjúkrahúsum.

Það má því leiða að því rök að forstjóri Sjúkratrygginga hafi haft meiri áhrif á þróun heilbrigðiskerfisins en heilbrigðismálaráðherra á síðustu árum, vegna þess að hann veitir forystu þeirri stofnun sem hefur samið við lækna í einkapraksís úti í bæ um endurgreiðslu fyrir þjónustu og um hvaða aðgerðir fáist greitt fyrir á stofu. Það er því algengt þessa dagana að menn bendi fingri á hann og kenni honum um það sem miður hefur farið í einkavæðingu heilbrigðiskerfisins. Það er ósanngjarnt vegna þess að hann hefur enga stefnu ríkisins til að styðjast við og hefur því lítið annað en eigin sannfæringu að byggja á. Mér skilst að forstjóri síðustu ára sé íhaldssamur frjálshyggjumaður og ætti það því ekki að koma neinum á óvart að hann hafi stuðlað að nokkuð haftalitlili einkavæðingu. Staðreyndin er sú að einkastofupraksísinn hérlendis hefur vaxið að því marki að það eru ekki mörg lönd í Evrópu þar sem einkavæðing í heilbrigðisþjónustu er meiri en á Íslandi. Nú veit ég ekki hvort það er eitthvað sem þjóðin vildi.

> **Það er eins gott fyrir Alþingi að bæta heilbrigðiskerfinu þann skaða sem það er búið að valda, því annars kemst þjóðin að þeirri niðurstöðu að kerfið virki ekki og fer að velta því fyrir sér í fullri alvöru að taka af Alþingi ábyrgð á öllu því sem skiptir hana máli.**

**4. Gæði og öryggi og áhrifamáttur peninga**

Það er þokkalegt eftirlit með gæðum þjónustunnar á Landspítalanum þótt það verði að bæta um betur til þess að það sé í samræmi við það sem tíðkast á samanburðarspítölunum. Það er hins vegar ekkert eftirlit með gæðum þess sem gert er á einkastofunum. Því er oft haldið fram að þessi skortur á eftirliti geri það að verkum að læknar á stofum úti í bæ veiti þjónustu sem sé óþörf til þess eins að afla sér fjár. Þetta eru þungar ásakanir og ljótt ef rétt reyndist og í engu samræmi við þann kærleika sem ég hef notið af hálfu þeirra sem reka þessar stofur. Í skýrslunni eru þó dæmi sem gefa okkur ástæðu til þess að óttast að eftirlitsskorturinn sé ekki bara óæskilegur heldur hættulegur. Það eru til dæmis tvisvar sinnum fleiri hálskirtlar teknir úr börnum á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Ónauðsynleg hálskirtlataka er ofbeldi gegn barni, sem er framið með eggvopni og í skjóli þess göfuga tilgangs að lækna og fyrirbyggja sjúkdóm. Nú er ég alls ekki að segja að háls-, nef- og eyrnalæknar á Íslandi nemi kirtla úr börnum til þess að afla sér fjár heldur að þeir séu að gera það án þess að njóta þess aðhalds og stuðnings sem felst í gæðaeftirliti. Eins og málum er háttað eru fórnarlömbin tvö þegar hálskirtlar eru teknir úr barni að óþörfu, fyrst og fremst barnið en líka læknirinn. Þetta dæmi sýnir okkur fyrst og fremst fram á að skynsamleg einkavæðing í heilbrigðisþjónustu er ekki eins auðveld og að drekka vatn og er óábyrg án gæðaeftirlits af bestu gerð.

Nú ætla ég ekki að tína meira til úr skýrslunni en hvet alla til þess að lesa hana í heild sinni. Hún sýnir svo ekki verður um villst að löggjafinn hefur ekki bara brugðist heilbrigðiskerfinu með því að heykjast á því að fjármagna það að þörfum, heldur líka með því að marka ekki heildarstefnu í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Eitt af því, sem getur gerst þegar sá máttarstólpi lýðræðis í landinu sem við köllum Alþingi hunsar eina af grundvallarþörfum samfélagsins, er að það grafi ekki bara undan trúnni á Alþingi heldur á lýðræðinu sem slíku. Þróun á meginlandi Evrópu síðustu misserin bendir nefnilega til þess að trúin á lýðræðið sé ekki sá klettur í hafinu sem menn héldu, heldur viðkvæm og brothætt og krefjist þess að lýðræðið sýni að því þyki vænt um fólkið, skilji þarfir þess og geti mætt því.

Til þess að hlúa að trú fólks á lýðræðið í landinu ætlum við félagarnir að biðja alla frambjóðendur við kosningarnar í haust að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að þeir muni gera það sem í þeirra valdi standi, hvort sem þeir lendi í stjórn eða utan, til þess að Alþingi veiti nægt fé til heilbrigðiskerfisins og að það verði endurskipulagt á grundvelli þess vísdóms sem má finna í skýrslunni góðu fyrir lok næsta árs.



## FH-ingar fögnuðu titlinum með stæl í Krikanum á mánudagskvöldi



**Gleði í Krikanum.** Í fyrsta sinn frá árinu 1995 varð lið Íslandsmeistari í karlaflokki án þess að spila. FH-ingar voru heima hjá sér er þeir urðu meistarar en hittust svo uppi í Krika í gær og fögnuðu því að vera meistarar annað árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tilbúnar í tíu sinnum núll

**Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta mæta Skotum á Laugardalsvelli klukkan 17.00 í lokaleik liðanna í undankeppni EM 2017. Ísland er komið á EM en hefur það markmið að vinna riðilinn. Þá er stefnan sett á að halda hreinu í tíunda sinn í undankeppninni og klára hana án þess að fá á sig mark.**

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta eru komnar á EM. Það er klárt. Fyrra markmiði þeirra af þeim tveimur stóru er náð en hitt stendur eftir og það er að vinna 1. riðil undankeppninnar. Það tekst með því að ná stigi gegn Skotlandi á Laugardalsvellinum í kvöld en liðin mætast klukkan 17.00 í lokaumferð undankeppni EM.

Leynt og ljóst eru stelpurnar samt búnar að setja sér annað markmið og það er að halda markinu hreinu út alla undankeppnina. Það hefur enginn svona vegferð með það að markmiði, en þegar aðeins tveir leikir voru eftir gegn Slóvenum og Skotum, sem Ísland vann samtals 10-0 á útivelli, var ekki annað hægt fyrir stelpurnar en að stefna á að halda núllinu tíu sinnum.

**Skotahrokinn**

Númer eitt er þó að vinna leikinn og riðilinn og stelpurnar sögðust allar klárar í það þrátt fyrir að vera komnar á EM eftir 4-0 sigur á Slóvenum síðastliðinn föstudag.

„Það er engin sem er að missa sig í gleðinni yfir því að vera komin á EM þó það sé þægilegt að geta sagt að við séum komnar en ekki vera alltaf að pæla í þessu,“ segir Hallbera G. Gísladóttir, bakvörðurinn magnaði í íslenska liðinu, sem skoraði eitt mark og lagði upp tvö önnur á föstudagskvöldið.

Ísland vann Skotland, 4-0, í fyrri leiknum en fyrir hann voru Skotarnir með leiðindi og töluðu niður íslenska liðið. Hrokinn var mikill en hann kveikti neista í stelpunum okkar sem þær nýttu til að baka Skotana á þeirra heimavelli. Nú eru svipaðir stælar í gangi því besti leikmaður liðsins nennir ekki einu sinni að mæta í leikinn heldur er hún farin til Bandaríkjanna þar sem hún á að spila deildarleik með félagsliði sínu á sunnudaginn. Skotar bera við smávægilegum meiðslum en stelpurnar og Freyr vita betur.

„Það er skrítin ákvörðun hjá þeim en bara eitthvað sem þau verða að eiga við sig. Það koma samt sterkir leikmenn inn þannig að við ætlum bara að einbeita okkur að leiknum, sama hver spilar,“ segir Hallbera sem vill sýna Skotunum í dag að íslenska liðið er svo sannarlega betra en það skoska.

„Skotar tala um að þetta hafi verið slæmur dagur hjá þeim og heppni hjá okkur að vinna þær 4-0 úti í Skotlandi. Okkur langar að sýna þeim að þetta var engin tilviljun.“

**Núllið kitlar**

Hallbera er hluti af frábærri varnarlínu íslenska liðsins en ásamt henni hafa Elísa Viðarsdóttir, Glódís Perla Viggósdóttir og Anna Kristjánsdóttir spilað flesta leikina. Fyrir aftan þær stendur svo Guðbjörg Gunnarsdóttir.

Hallbera segist njóta þess að vera hluti af svona sterkri línu með jafn öflugan markvörð og raun ber vitni fyrir aftan sig en það er bara sterk liðsheild sem getur skilað svona árangri að hennar mati.

„Mér finnst liðið bara vera svo samstillt, en á móti kemur að við erum stórhættulegar fram á við og því eru hin liðin að einbeita sér að okkur. Liðin eru heldur ekki að skapa mörg færi á móti okkur þannig að ég myndi segja að þetta væri bara mjög sterk liðsheild sem er að skapa þetta, ekki bara varnarlínan þó það sé gaman að vera hluti af henni. Það er liðsheildin sem á þennan flotta árangur,“ segir Hallbera sem viðurkennir fúslega að hana langar til að halda núllinu og klára undankeppnina án þess að fá á sig mark.

„Það er auðvitað frábær árangur að vera búnar að spila sjö landsleiki og ekki enn þá búnar að fá á okkur mark. Auðvitað kitlar það rosalega að halda þessu því það er bara einn leikur eftir. Á móti þá getur allt gerst í þessu. Okkar markmið er að vinna leikinn en það væri mjög sætur bónus ef það myndi gerast með hreinu laki,“ segir Hallbera G. Gísladóttir.

## Þurfa ekki frekari hvatningu



Kim Little, langbesti leikmaður skoska landsliðsins og andlit kvennafótboltans þar í landi, mætir ekki til leiks með Skotum á morgun. Þessi magnaði miðjumaður, sem brenndi af víti í fyrri leik liðanna, er floginn vestur um haf til að spila með liði sínu, Seattle Reign, á sunnudaginn.

„Ef við þurftum einhverja hvatningu þá hjálpuðu þær okkur hressilega þarna. Þeir segja að hún sé eitthvað lítillega meidd en við vitum að stefnan er að hún spili deildarleik,“ segir Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari um þessa ákvörðun Skota sem eru ekki vinsælir hjá íslenska liðinu og þjálfurunum eftir umtalið um stelpurnar okkar fyrir leikinn ytra.

„Þú getur rétt ímyndað þér hvernig þetta fer í okkur. Við þökkum Skotunum bara kærlega fyrir þetta,“ segir Freyr.

**» Stelpurnar okkar fengu síðast mark á sig í undankeppni fyrir ríflega tveimur árum en Serbía skoraði síðast á íslenska liðið í 9-1 sigri Íslands 17. september 2014.**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla 2016**

**Breiðablik - ÍBV 1-1**
0-1 Hafsteinn Briem (38.), 1-1 Höskuldur Gunnlaugsson (49.).

Mikilvægt stig fyrir ÍBV í botnbaráttunni en Blikar geta ekki lengur orðið meistarar.

**Þróttur - Víkingur Ó. 1-1**
1-0 Vilhjálmur Pálmason (27.), 1-1 Pape Mamadou Faye (85.).

Þróttarar voru sjálfum sér verstir í þessum leik. Óðu í færum en fengu á sig mark undir lokin. Aðeins tölfræðin heldur þeim uppi en það dugar varla til.

**Stjarnan - ÍA 3-1**
0-1 Hörður Árnason, sjm. (3.), 1-1 Eyjólfur Héðinsson (45.), 2-1 Halldór Orri Björnsson (49.), 3-1 Baldur Sigurðsson (81.).

Stjarnan hoppar í fjórða sætið og er á fullu í baráttunni um Evrópusætið sem ÍA fjarlægðist.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| FH | 41 | ÍA | 28 |
| Breiðablik | 35 | Víkingur R | 26 |
| Fjölnir | 34 | Víkingur Ó | 21 |
| Stjarnan | 33 | ÍBV | 19 |
| Valur | 32 | Fylkir | 18 |
| KR | 32 | Þróttur | 13 |

**Skrítin tilfinning að verða Íslandsmeistari við kassann í Krónunni en who cares! #Champions**

Emil Pálsson, leikmaður FH
**@EmilPals**

AGABANN HJÁ BLIKUM

Arnar Grétarsson, þjálfari Breiðabliks, setti tvo leikmenn í agabann í gær en þeir Damir Muminovic og Gísli Eyjólfsson spiluðu ekki með liðinu gegn ÍBV.

„Það komu upp ákveðnir hlutir og fyrir vikið byrjuðu ekki ákveðnir menn,“ sagði Arnar við fjölmiðla eftir leikinn í gær en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um agabannið.

Breiðablik á ekki lengur möguleika á því að verða Íslandsmeistari og fjarvera þessara leikmanna hjálpaði liðinu ekki í gær.

„Ég held að við megum prísa okkur sæla með eitt stig í þessum leik. Við mættum ekki til leiks í fyrri hálfleik. Hvers vegna veit ég ekki. Þeir voru miklu grimmari. Þeir unnu fyrsta og annan bolta og vildu þetta miklu meira en við. Það er sorglegt.“

Vonbrigði þjálfarans leyndu sér ekki.

„Í seinni hálfleik þá var líf í okkur fyrstu 25 mínúturnar. Þá réðum við gangi leiksins. Við vorum heppnir að sleppa bara með stig. Það hefði verið gott að geta unnið þegar þú ert lélegur en það hefði ekki verið sanngjarnt í kvöld. Við hefðum getað komið okkur í skemmtilega stöðu og haldið mótinu á lífi en FH er vel að titlinum komið,“ sagði Arnar.



## Í dag

**18.00** **Wolfsburg - Dortmu.** Sport 2
**18.40** **Leicester - Chelsea** Sport








> Raspberry Ketones frá Natures Aid hefur gert frábæra hluti fyrir mig og ég mæli 100% með þeim.
>
> Sigrún Emma Björnsdóttir

> Sykurlöngunin hvarf algjörlega og mittismálið minnkaði.
>
> Karen Hauksdóttir

# MINNI SYKURLÖNGUN – ALLT ANNAÐ LÍF

**Artasan kynnir** Raspberry Ketones og Trim-It frá Natures Aid eru vel þekkt og afar vinsæl þyngdarstjórnunarefni. Rasberry Ketones dregur verulega úr sykurlöngun og eykur orku á meðan Trim-It hjálpar til við hreinsun líkamans og örvar meltinguna.

## RASPBERRY KETONES + GRÆNT TE

Raspberry Ketones er unnið úr kjarna hindberja og að auki er grænt te í blöndunni. Rasperry Ketones getur haft áhrif á hormónið adiponectin, sem heilbrigt fólk í kjörþyngd hefur í miklu magni í líkamanum. Þetta hormón getur aukið insúlínnæmi sem þýðir að blóðsykurinn er jafnari og svo brennum við fitu betur. Þegar þessi hormón starfa rétt, við borðum hollan mat og hreyfum okkur reglulega þá söfnum við ekki umframfitu.

Grænt te er fullt af andoxunarefnum og lífrænum efnasamböndum sem geta haft mikil áhrif á starfsemi líkamans. Þar á meðal er bætt heilastarfsemi, fitutap (aukin fitubrennsla) og það getur dregið úr líkum á fjölmörgum sjúkdómum.

## TRIM-IT

Trim-It er nýtt á íslenska markaðnum en þessi öfluga blanda inniheldur bætiefni sem hafa verið notuð til þyngdarstjórnunar í áratugi. Þessi blanda hjálpar til við hreinsun líkamans og örvar meltinguna. Trim-It inniheldur m.a. **eplaedik** sem hjálpar til við hreinsun eiturefna úr líkamanum og eðlileg efnaskipti, **lesitín** sem auðveldar meltingu á fitu og **kelp** (brúnþörunga) sem er sérlega steinefnaríkt. Önnur efni eru **B6** sem hjálpa meltingunni og **hveitikím** sem er gott fyrir ónæmiskerfið, hjarta- og æðakerfið.

Kelp, B6-vítamín og lesitín vinna einnig eins og náttúruleg þvagræsilyf sem hefur marga kosti því þannig getur maður losnað við umframvökva án þess að mikilvæg steinefni/sölt skolist út úr líkamanum.

## SYKURLÖNGUNIN HVARF

Sigrún Emma Björnsdóttir, sem stundar crossfit af kappi og er einkaþjálfari, hefur notað Raspberry Ketones frá Natures Aid lengi. „Ég fann mun strax á fyrstu vikunni því sykurlöngunin nánast hvarf. Í kjölfarið minnkaði sykurátið og blóðsykurinn varð jafnari sem auðveldaði mér að borða bæði minna og hollari mat. Ég fann strax mun á orkunni og skapið varð miklu betra því sykur fer virkilega illa í skapið á mér. Mittismálið á mér hefur einnig minnkað og ég er öll mikið léttari á mér,“ segir Sigrún Emma og bætir því við að hún hafi komið töflunum í rútínuna hjá sér og taki alltaf eina fyrir morgunmatinn og eina fyrir hádegismat.

## 19 KÍLÓ FARIN

„Ég er orkumeiri og mér finnst ég ekki þurfa að borða eins mikið og áður og nú sleppi ég sælgæti algjörlega,“ segir Karen Hauksdóttir en hún hefur notað Raspberry Ketones með góðum árangri. „Þegar Trim-It kom á markaðinn bætti ég því við og finn mikinn mun á meltingunni. Nítján kíló hafa fokið og ég er alsæl.“

## VILTU VINNA ÁRSBIRGÐIR AF TRIM-IT?

Nú er leikur í gangi á sölustöðunum okkar þar sem við erum að bjóða sérstaka tilboðspakkningu af Raspberry Ketones og Trim-It, þar sem Trim-It er selt með fimmtíu prósenta afslætti. Í nokkrum toppum á tilboðspakkningunum leynist vinningur og nú þegar hafa þrír komið í leitirnar. Það eru fleiri í boði, þannig að þú gætir verið heppin(n).



> Raspberry Ketones er það eina sem hefur virkað fyrir mig,“ segir Jóhanna Sverrisdóttir en hún hefur misst hvorki meira né minna en 20 kíló.

**Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.**

Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.

★ Veitingastaðir
★ Stóreldhús
★ Mötuneyti

hafid@hafid.is
554 7200



HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook




# QIGONG – HUGRÆN LEIKFIMI Í STAÐ LYFJA

Heilsudrekinn kynnir: Æfingar og sjálfsnudd í stað lyfja er heiti kynningarnámskeiðs sem fram fer í Heilsudrekanum í Skeifunni dagana 22. til 25. september. Alþjóða heilsu-qigong sambandið stendur að námskeiðinu og koma reyndir kennarar frá Kína til að kenna námskeiðið.



Kennararnir munu kenna ólíkar æfingar og einnig ráðleggja hvaða æfingar eiga við hvert tilfelli. MYND/HEILSUDREKINN

„Hér verða þrír kennarar (Yang Yubin, Hu Bing og Liu Xuedong) en þeir koma frá virtum háskólum í Kína. Hugmyndin að baki námskeiðinu er eins og nafnið bendir til, hvernig nýta megi sérstakar æfingar og nudd í stað lyfja við hinum ýmsu kvillum,“ útskýrir Qing, eigandi Heilsudrekans, en skráning stendur nú yfir á kynningarnámskeið sem fram fer um helgina. Reyndir kennarar munu leiða námskeiðið og halda fyrirlestra.

„Kennararnir munu kenna ólíkar æfingar og einnig ráðleggja hvaða æfingar eiga við hvert tilfelli, til dæmis hvers konar æfingar eiga við ef viðkomandi er að kljást við háan blóðþrýsting, hvaða æfingar gagnast við svefnleysi, vöðvabólgu eða verkjum í baki svo eitthvað sé nefnt. Þá verða einnig haldnir fyrirlestrar um efnið. Einn þessara kennaraer sérfróður í kínverskum lækningum eins og nálarstungum og fleiru. Hann mun sýna hvernig blanda má saman æfingum og sjálfsnuddi til að vinna með líkamleg vandamál en einnig hvernig nota má æfingar og nudd sem fyrirbyggjandi aðgerð,“ útskýrir Qing.



„Þetta er afar spennandi námskeið. Við höfum haldið svipuð kynningarnámskeið gegnum árin en nú leggjum við aðrar áherslur og setjum þetta upp þannig að fólk kemur og fær ráðgjöf. Í stað þess að því sé bent á lyf fær fólk æfingar. Það getur verið við kvíða eða stressi, þunglyndi eða líkamlegum verkjum það eru til æfingar við nánast hverju sem er. Qigong-æfingar hafa sannað virkni sína í árþúsundir, við erum ekki að búa til eitthvað nýtt.

Þetta námskeið er fyrir alla líka þá sem finna ekki fyrir neinum óþægindum heldur vilja byggja upp líkamann og heilsuna, opna fyrir flæði og styrkja líkamann, Æfingarnar hafa nefnilega líka fyrirbyggjandi áhrif,“ segir Qing.

Námskeiðið stendur dagana 22. til 25. sept., fimmtudag og föstudag klukkan 17.30 til 20.30, laugardag og sunnudag frá klukkan 10.30 til 16.

**Skráning er hafin í síma 553 8282 Einnig er hægt að skrá sig gegnum netfangið heilsudrekinn@heilsudrekinn.is Nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðu Heilsudrekans.**

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Amerika og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

# HOLLT OG GOTT MILLIMÁL

Gott er að fá sér orkustykki þegar hungrið sverfur að og endurnýja orkubirgðirnar. Það er líka kostur að auðvelt er að útbúa þau.

Á einhverjum tímapunkti dagsins þurfum við öll á smávegis orkuskoti að halda. Sumir fá sér kaffibolla, aðrir gosdrykk. Þegar líkaminn kallar á eitthvað meira nærandi er gott að fá sér hollt orkustykki. Þau eru hlaðin næringarefnum og geta haldið manni gangandi þar til kemur að næstu máltíð. Yfirleitt er auðvelt að búa þau til og sniðugt að gera góðan slatta af þeim, geyma þau í ísskápnum og geta þá gripið til þeirra þegar tankurinn er að verða tómur.

Á vefsíðunni Greatist má finna nokkrar uppskriftir að góðum orkustykkjum og hér eru tvær þeirra.



Orkubollur er góður kostur sem millimál.

## TRÖNUBERJA- OG APPELSÍNUORKUBOLTAR

**1½ bolli döðlur, gróft skornar**
**½ bolli þurrkuð trönuber**
**¼ bolli vanillu-próteinduft (aukalega til að velta boltunum upp úr)**
**¼ bolli + 2 tsk. möndluflögur**
**1 tsk. appelsínubörkur**
**2 tsk. kókosolía fljótandi**

Setjið döðlur og trönuber í matvinnsluvél og hakkið þar til allt er orðið að mylsnu. Bætið við próteindufti, möndlum og appelsínuberki. Blandið vel saman. Hellið kókosolíunni saman við á meðan vélin er í gangi og vinnið þar til blandan verður að klístruðum bolta.

Hellið smávegis próteindufti á grunnan disk. Rúllið blöndunni í litlar kúlur og veltið þeim í duftinu. Geymið í ísskáp, gott er að taka þær út úr kæli nokkru áður en þeirra er neytt því kókosolían harðnar í kulda.

## HNETUSMJÖRS- OG MOKKAKÚLUR

**1 bolli hafrar**
**¼ bolli möluð hörfræ**
**1 tsk. espressoduft**
**2 tsk. kakó**
**2 tsk. kókos**
**Klípa af salti**
**½ tsk. vanilluextrakt**
**5 tsk. hnetusmjör**
**¼ bolli hlynsíróp**

Blandið öllum hráefnum saman í stórri skál. Setjið skálina í ísskáp í þrjátíu mínútur. Þegar blandan er orðin köld er henni rúllað í matskeiðarstórar kúlur. Kúlurnar geymast í loftþéttu boxi í ísskáp í allt upp í viku.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*







# Heilsaðu hamingjunni

Solaray er hágæða vítamín– og bætiefnalína sem unnin er úr jurtum. Á hverjum degi vinnum við með náttúruleg hráefni sem geislar sólarinnar hafa skapað og fyllt orku. Þannig tryggjum við þér hrein vítamín og bætiefni með mikla virkni.

**Finndu þinn sólargeisla í næstu heilsuvöruverslun eða apóteki.**

## BÍLAR & FARARTÆKI

STÓRA BÍLASALAN



Suzuki Grand Vitara Dísel Árgerð 12/2014. Ekinn 15þ.km. Einn eigandi. Er á staðnum. Eins og nýr. Verð 4.480.000kr. Raðnr 135459. Sjá á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BÍLAMIÐSTÖÐIN



HONDA Accord elegance 2,0. Árg 2010, ek 81 Þ.KM, bensín, sjálfsk. Tilboð 2.390 þús. Rnr.101259. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



TOYOTA Corolla 1,6 vvti. Árg 2005, ek 135 Þ.KM, bensín, sjálfsk. V. 890 þús. 100% fjámögnun í boði . Rnr.101043. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



SUZUKI Swift gl Dísel. Árg 2007, ek 179 Þ.KM, dísel, 5 gírar. V. 970 þús. 100% fjámögnun í boði . Rnr.100921. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500

**Bílamiðstöðin**
**Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 4500**

100bilar.is bílasala



Ford Focus, 5/2011, ek 113 þús km, dísel, bsk, ný tímareim, ný smurður, ásett verð 1.550 þús, er á staðnum, raðnr 220882.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu

Pontiac Sunfire 2000 árg, 4cyl. Mikið yfirfarinn, einn eigandi. Verð 450þús. Uppl í síma 8684039.

### 250-499 þús.



**ÓDÝR EN GÓÐUR - 100% LÁN**

VW PASSAT árg 99 ek.156 þús, ný skoðaður 17, vetrardekk, beinskiptur, vel með farin bíll alveg ryðlaus, verð 370 þús möguleiki á 100% láni S.841 8955

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2017 STÓRSPARNAÐUR!**
Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorið beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is
s. 863 4449

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

Pípulagningameistari getur tekið að sér ýmiskonar pípulagnavinnu. Uppl. gefur Benni s. 899-3464 - Vatnshrúturinn ehf

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Inni og útimálun - fagmennska og vönduð vinnubrögð. Fáðu frítt tilboð og gerðu verðsamanb. S:8587531

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is







# KEYPT & SELT

## Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þig, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI**
150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**110 REYKJAVÍK**

**ÁRBÆR / ÁRTÚNSHOLT**
Einstæður faðir með tvö börn í skóla í 110 óskar eftir 3. herbergja íbúð í Hraunbæ eða Ártúnsholti á sanngjörnu verði. Reglusemi og skilvísar greiðslur.
**Nánari uppl. í síma 6969725**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ATH - ATH - ATH !!**
Gamla smiðjan Lækjargötu 8 og Þrastalundi. Við erum að leita að metnaðarfullu, jákvæðu, kraftmiklu fólki til að veita afburðagóða þjónustu. Fullt starf og hlutastarf.
**Allar nánari upplýsingar í s. 661-7000**

**KJÖTHÖLLIN**

**HÁALEITISBRAUT 58-60**
Stundvís, reglusamur starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun og einnig starfskraft við kjötborð helst vanan, bílpróf æskilegt enn þó ekki nauðsyn.
**Upplýsingar veitir Sveinn í síma 553 8844.**

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Föst laun og árangurstengd í boði. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt kvöldstarf eða í 770-2277

Aðstoðamenn óskast í smíðavinnu. Góð laun í boði fyrir góða menn. Uppl. í s. 650 3707 og verk@verksjon.is

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

Smiður með mikla reynslu tekur að sér smærri verk og lagfæringar. Uppl. í s. 897 9338

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe SAFT

## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

**ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.**

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

# tilkynningar

EFLING STÉTTARFÉLAG

## Allsherjaratkvæðagreiðsla

**um kjör fulltrúa Eflingar á 42. þings Alþýðusambands Íslands**

Allsherjaratkvæðagreiðsla verður viðhöfð við kjör fulltrúa Eflingar-stéttarfélags á 42. þing Alþýðusambands Íslands sem haldið verður í Reykjavík dagana 26.-28. október 2016.

Tillögur vegna þingsins með nöfnum 50 aðalfulltrúa og jafnmörgum til vara ásamt meðmælum 120 fullgildra félagsmanna skulu hafa borist skrifstofu Eflingar-stéttarfélags **fyrir kl. 16.00 þriðjudaginn 27. september 2016.**

***Kjörstjórn***
***Eflingar-stéttarfélags***

# fasteignir

**HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA**
2015 Framúrskarandi fyrirtæki
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Blikanes – Garðabær



Mjög gott einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr samtals um 266,9 fermetrar á frábærum stað við Blikanes 16 í Garðabæ. Húsinu hefur verið mjög vel viðhaldið og hefur verið nokkuð endurnýjað í gegnum árin og er í góðu ástandi að innan sem utan. Eignin skiptist í forstofu, snyrtingu, hol, stofu, borðstofu, arinstofu, eldhús, þvottahús, gang, 5 herbergi, snyrtingu, baðherbergi og bílskúr. Fallegur gróinn garður. **Verð 98 millj.**
Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður s: 896-0058.

## Kelduhvammur 9 - Hafnarfirði

**Opið hús í dag þriðjud. 20. sept. frá kl. 17:30 - 18:00**




Mjög góð 137,6 fermetra efri hæð með sérinngang ásamt 31,9 fermetra bílskúr samtals 169,5 fermetrar. Eignin skiptist i sér inngang, forstofu, pall, hol, stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi, þrjú herbergi, geymsluloft, geymslu, bílskúr ásamt hefðbundinni sameign.
**Verð 47,2 millj.** Þorbjörn Helgi sölumaður verður á staðnum. Nánari uppl. í s: 896-0058.

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Laugarnesvegur 83

**3ja herbergja með bílskúr.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Afar sjarmerandi og vel skipulögð 60,8 fm. miðhæð auk 31,0 fm.bílskúrs í mjög fallegu þríbýli við Laugarnesveg. Húsið lítur vel út að utan eftir miklar endurbætur þar sem m.a. hefur verið skipt um allt járn á þaki og hliðum hússins. Stofa með gluggum til suðurs og austurs. Virkilega vel staðsett eign í Laugardalnum í göngufæri við m.a. sundlaug, líkamsræktarstöð, skóla, verslun og þjónustu við Laugalæk. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**

## Safamýri 27

**4ra herbergja með sérinngangi.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og mjög lítið niðurgrafin 109,8 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi á þessum eftirsótta stað. Íbúðin skiptist í rúmgott ho, rúmgóð stofu/borðstofu, endurnýjað eldhús og tvö góð herbergi. Sér geymsla í kjallara. **Verð 39,9 millj. Verið velkomin.**

## Merkisatburðir

**1066** Haraldur harðráði og Tósti Guðinason unnu sigur á ensku jörlunum Mörukára og Valþjófi í orrustunni við Fulford nálægt Jórvík.
**1187** Umsátrið um Jerúsalem. Saladín hertók borgina.
**1159** Rolando Bandinelli varð Alexander 3. páfi.
**1276** Pietro Luliani varð Jóhannes 21. páfi.
**1654** Tveir menn voru brenndir á báli fyrir galdur í Trékyllisvík á Ströndum.
**1697** Ryswick-samningurinn batt enda á níu ára stríðið milli Frakklands og Bandalagsins mikla. Samningurinn leysti ekki nein deilumál og fimm árum síðar hófst því spænska erfðastríðið milli sömu aðila.
**1870** Ítalska konungsríkið hertók Róm eftir stutt átök við hersveitir Páfaríkisins. Borgin var gerð að höfuðborg Ítalíu árið eftir.
**1900** Kirkjurokið: Yfir þrjátíu manns fórust í ofsaveðri, sem olli jafnframt slysum og tjóni á húsum. Kirkjurnar á Urðum og Upsum í Svarfaðardal brotnuðu í spón. 18 menn úr Ketildölum fórust í sjó, þar af 15 úr Selárdal.
**1963** Í borgarstjórn Reykjavíkur var samþykkt að leyfa kvöldsölu um lúgur til klukkan 22 og borgarráði var heimilað að framlengja söluleyfi til klukkan 23.30 á kvöldin. Rúmur aldarfjórðungur leið þar til sölutími var gefinn frjáls.
**1979** Til Íslands komu 34 flóttamenn frá Víetnam sem var stærsti hópur flóttamanna sem komið hafði til Íslands.


Frá stofnun Vímulausrar æsku í Háskólabíói fyrir réttum 30 árum þar sem frú Vigdís var meðal annars viðstödd. MYND/VÍMULAUS ÆSKA

# Vímulaus æska í 30 ár

**Landssamtökin Vímulaus æska eiga í dag 30 ára afmæli. Samtökin hafa staðið að ýmsu í gegnum árin og má þar helst nefna Foreldrasímann sem hefur verið starfandi frá byrjun og Foreldrahús sem samtökin eiga og reka. Ýmislegt er planað í tilefni afmælisins.**

Þann 20. september árið 1986 voru samtökin Vímulaus æska stofnuð formlega fyrir framan fjölmenni í Háskólabíói. Meðal þeirra sem mættu á athöfnina í Háskólabíói var Vigdís Finnbogadóttir. Fyrsti formaður samtakanna var Bogi Arnar Finnbogason. Samtökin voru stofnuð af foreldrum sem ákváðu að standa saman gegn vímuefnaneyslu ungmenna sem var á þessum tíma vaxandi vandamál allsstaðar í vestrænum heimi. Nokkrum vikum eftir þessa athöfn stóð Bylgjan, sem þarna var nýstofnuð, fyrir söfnun til styrktar samtökunum og þar var rekstur þeirra tryggður.

„Það merkilegasta kannski við þessi samtök er að við stofnuðum Foreldrahús árið 1999 – Vímulaus æska á og rekur Foreldrahús og þar er starfsemi samtakanna í dag. Auk þess má auðvitað telja upp Foreldrasímann sem var stofnaður 1986 og hefur ekki sofnað síðan,“ segir Guðni Björnsson, framkvæmdastjóri Foreldrahúss og Vímulausrar æsku, en Foreldrahús er á Suðurlandsbraut 50 og þar er hægt að hitta ráðgjafa sem veitir foreldrum ráðgjöf og stuðning frá níu til fjögur alla virka daga.

> **Í haust verður málþing hjá okkur um foreldra og forvarnir, á sama tímapunkti kemur út afmælisrit samtakanna þar sem verður farið yfir sögu þeirra og starf síðustu þrjátíu ár.**

Foreldrasíminn er neyðarsími fyrir foreldra og aðstandendur barna og ungmenna sem hafa lent í vanda vegna vímuefnaneyslu og tengdra erfiðleika. Hjá foreldrasímanum starfa ráðgjafar sem eru tilbúnir að leiðbeina foreldrum barna í vímuefnavanda. Foreldrasíminn er hugsaður sem fyrsta hjálp og staður fyrir foreldra til að fá ráð um hvert næsta skref skuli vera allan sólarhringinn. Foreldrasíminn er styrktur af Reykjavíkurborg og velferðarráðuneytinu.

„Við munum minnast tímamótanna með ýmsum hætti – í haust verður málþing hjá okkur um foreldra og forvarnir, á sama tímapunkti kemur út afmælisrit samtakanna þar sem verður farið yfir sögu þeirra og starf síðustu þrjátíu ár. Auk þess er í blaðinu viðtal við forseta Íslands og konu hans, þannig að þetta er merkileg útgáfa í tengslum við þetta afmæli. Það var einmitt forseti Íslands á þeim tíma, Vigdís Finnbogadóttir, sem sat með okkur þegar samtökin voru stofnuð. Svona erum við fram að jólum búin að vinna á okkur á nýstárlegan hátt í gegnum samfélagsmiðlana. Það eru ýmsir leikir og annað sem við höfum notað til að vekja athygli á okkur,“ segir Guðni að lokum. **stefanthor@frettabladid.is**

---



✝

Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar og amma

**Unnur Kolbeinsdóttir,**
kennari,
áður til heimilis að Lönguhlíð 11, Reykjavík,

lést 14. september. Færum starfsfólki á Eir, deild 3 N, þakkir fyrir frábæra umönnun. Útför fer fram frá Háteigskirkju 22. september kl. 13.00.

**Ingi Tryggvason**
**Kolbeinn Sigurðsson** **Aðalheiður Ingvadóttir**
**Þórunn Sigurðardóttir** **Stefán Baldursson**
**Jón Sigurðsson** **Sigrún Jóhannesdóttir**
**Guðbjartur Sigurðsson**
**Guðrún Sigríður Sigurðardóttir** **Ásmundur Gíslason**
**Katrín Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sveinbjörg Eyþórsdóttir**
áður til heimilis að Miklubraut 86,

lést miðvikudaginn 7. september á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 21. september kl. 13.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, Frúargangi A3, fyrir alúðlega umönnun og hlýju.

**Þórhallur Borgþórsson** **Gróa R. Bjarnadóttir**
**Eyþór Borgþórsson** **Bára Emilsdóttir**
**Sigurborg Borgþórsdóttir** **Jón Svanþórsson**
**Halldór Borgþórsson** **Aðalheiður Alfreðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir,

**Åse Johanne Jónasson**

lést á deild 14 E á Landspítalanum þann 13.9. 2016. Útförin fer fram frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu miðvikudaginn 21.9. 2016 kl.13.

**Daníel Jónasson**
**Ólafía Daníelsdóttir** **Jón Ragnar Sigurðsson**
**Guðbjörg Daníelsdóttir**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

---



✝

Útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Eiríks Smith Finnbogasonar**
myndlistarmanns,

verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju í dag, þriðjudaginn 20. september, kl. 13.00.

**Bryndís Sigurðardóttir**
**Smári Eiríksson**
**Tinna Smáradóttir**
**Brynja Jónsdóttir**
**Kolfinna Ósk Andradóttir**
**Jón Axel Björnsson**
**Birna Lísa Jensdóttir**

---



✝

Okkar ástkæra

**Svanfríður Símonardóttir**
Blesugróf 2,

lést 1. september á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Ingibjörg Sigríður Jones**
**Erna Guðjónsdóttir** **Kristinn Ingvarsson**
**Birgir Ingólfsson**
**Hrafnhildur Ingólfsdóttir** **Guðmundur Ársælsson**
**Örn Ingólfsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Jóel Friðfinnsson**
Kársnesbraut 133,

lést laugardaginn 10. september. Útför fer fram frá Fíladelfíukirkju, Hátúni 2, mánudaginn 26. september klukkan 15.

**Sigríður Einarsdóttir**
**Elín Sigurðardóttir** **Alfred Cassis**
**Helga Sigurðardóttir** **Gunnar Bragason**
**Anna Margrét Sigurðardóttir** **Gunnþór Ingvason**
**Erla Huld Sigurðardóttir** **Karl Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Dóra Pálsdóttir**
Tjarnargötu 44

lést laugardaginn 17. september á lungnadeild Landspítalans, umvafin fjölskyldu sinni. Útför fer fram frá Neskirkju, Hagatorgi, föstudaginn 30. september kl. 13.

**Jens Tollefsen**
**Páll Ásgeir Davíðsson** **Þórdís Filipsdóttir**
**Tryggvi Björn Davíðsson** **Fabienne Soulé**
**Davíð Tómas Davíðsson** **Elísabet María Hafsteinsdóttir**
**og barnabörn.**

# MIKIÐ ÚRVAL FALLEGRA LEGSTEINA

## UPPSETNING OG ÁLETRUN INNIFALIN Í OKKAR VERÐUM*




## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ ÁLETRAÐAN STEIN MEÐ UPPSETNINGU*

( AUKAHLUTIR Á MYNDUM ERU EKKI INNIFALDIR )

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

**Graníthöllin**
**Legsteinar**

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Suðlæg átt og víða skúrir í dag, jafn vel dembur sunnan- og vestanlands. Milt veður.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 5° | 6° |
| ←9 | ↙8 | ↙2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 7° | 7° | 5° |
| ↙5 | ↙8 | ↙6 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 9° |
| ←9 | ←4 | ↖8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 8° | 6° |
| ↖9 | ←9 | ↖6 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. yfirhöfn
6. mannþyrping
8. bæli
9. andlit
11. tveir eins
12. snjáldur
14. aldin
16. í röð
17. ágæt
18. ái
20. mun
21. óvild

**LÓÐRÉTT**
1. fjötra
3. í röð
4. stjórnmál
5. einkar
7. sérgreina
10. sjón
13. gogg
15. sæla
16. ris
19. á fæti

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. kápa, 6. ös, 8. ból, 9. fés, 11. ll, 12. trýni, 14. hnetu, 16. þæ, 17. fín, 18. afi, 20. ku, 21. kala.
**LÓÐRÉTT:** 1. höft, 3. áb, 4. pólitík, 5. all, 7. sérhæfa, 10. sýn, 13. nef, 15. unun, 16. þak, 19. il.

### Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Hartson átti leik gegn Witheley í Englandi árið 1974.

**1. Dg6+! Dxg6 2. Hexe7+ Kd8 3. Hbd7# 1-0.** Þorvarður Fannar Ólafsson og Björgvin Víglundsson urðu einu sigurvegararnir í fyrstu umferð Haustmótsins sem fram fór í fyrradag.
**www.skak.is** Nýjustu fréttir.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | | 8 | | 9 | | |
| | 7 | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 8 | | 5 | | | 2 | 7 | | |
| 4 | | 2 | | | 6 | | | 7 |
| | 1 | | 9 | | | 2 | 5 | |
| | 5 | | 1 | 2 | | | | 3 |
| | | | 4 | 3 | | | | 8 |
| 5 | 4 | 1 | | | | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | | 7 | 3 | | 2 | | |
| | | 1 | | | | 5 | 3 | |
| | 2 | 3 | | 1 | 8 | | | |
| 1 | | | | | 4 | | | |
| | | | | 8 | | 1 | | |
| | 3 | | | 2 | 9 | | 4 | |
| 7 | 5 | 2 | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | | 7 | 6 | 5 |
| | | | 8 | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | | 2 | |
| 5 | 6 | | | | | | | |
| 2 | | | 6 | | 7 | | | 1 |
| | | 8 | | 7 | 4 | | | |
| | 3 | | 8 | | | 4 | | |
| 6 | | | | 1 | | | | |
| | 8 | | 2 | | 9 | | 1 | 5 |
| | 9 | 5 | | 6 | 1 | | | 8 |
| | | | 3 | | | | 6 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





2016 TJARNARBÍÓ 2017

SÝNINGAR Í VIKUNNI

Athanasia Kanellopoulou
SÝNIR
RUPTURE persephone
(DANSSÝNING AÐEINS EITT SKIPTI!)
MIÐ. 21. SEP. KL. 20:30

Kvenfélagið Garpur
SÝNIR
Sóley Rós ræstitæknir
UMRÆÐUR Á EFTIR
FIM. 22. SEP. KL. 20:30 &
SUN. 25.SEP. KL.20:30

@Tjarnarbio
#tjarnarbio

TJARNARBIO.IS


MESSAN
Premier League
pepsi deildin
NBA
pepsi MÖRKIN
DOMINO'S DEILDIN
KÖRFUBOLTA KVÖLD
BUNDESLIGA
HBO BOXING
365 SJÓNVARP
SPORT
Vild
Sportpakkinn
TILBOÐ!
Sportpakkinn
11.990,-
GEGN 12 MÁNAÐA BINDINGU
SPARAÐU 36.000,-
LaLiga
2018
EUROPA LEAGUE
THE FOOTBALL LEAGUE
The Emirates FA CUP
EFL CUP
SJÓNVARPS APP 365
FYLGIR FRÍTT MEÐ SPORTPAKKA
UM 1.300 BEINAR ÚTSENDINGAR Á ÁRI
Sportpakkinn inniheldur: Stöð 2 Sport, hliðarrásir, Eurosport, Extreme Sport, Motors TV, Sky News, NBA TV, MUTV, LFC TV og Chelsea TV.
2 SPORT
Sportpakkinn er svo sannarlega einn með öllu fyrir fólk sem hefur áhuga á íþróttum. Fótbolti, körfubolti, ruðningur, bardagaíþróttir, frjálsar og margt annað sem fær hjartað til að slá örar.
Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.
*Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is.
Samsetning sjónvarpspakka getur breyst án fyrirvara
365.is | Sími 1817
365

# Þunglyndur, latur pirraður, bjartsýnn

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★★☆

**Verk eftir:** Brahms, Nielsen og Pál Ísólfsson.
**Einleikarar:** Christian og Tanja Tetzlaff.
**Stjórnandi:** Osmo Vänskä.
**Eldborg í Hörpu**
Fimmtudaginn 15. september

Páll Ísólfsson er frekar vanræktur í tónlistarlífinu nú til dags. Því hlýnaði manni um hjartarætur að hann ætti fyrsta verkið á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Það var svokölluð Lýrísk svíta sem samanstóð af fjórum köflum. Ég þekkti þrjá þeirra sem píanóverk, Intermezzo op. 5 nr. 1-3. Þeir eru með því besta sem Páll samdi. Laglínurnar eru unaður áheyrnar. Það er einhver stemning í þeim sem ómögulegt er að lýsa.

Í sinfónískum búningi er Lýríska svítan nokkuð hátíðlegri, en fjörið er þó aldrei langt undan. Hljómsveitin lék hana af alúð undir kraftmikilli stjórn Osmo Vänskä. Laglínurnar voru útfærðar af smekkvísi og fallegri mýkt sem fór tónlistinni einkar vel.

Næst á dagskrá var konsert fyrir fiðlu og selló eftir Brahms. Það er fremur þungmelt tónlist. Ólíkt hinni lagrænu svítu Páls er fátt um virkilega grípandi stef í tónsmíðinni. Það er helst lokaþátturinn sem maður getur flautað við uppvaskið ef þannig stendur á. Samt var gaman að hlusta á tónleikunum, og skrifast það að mestu á einleikarana, systkinin Christian og Tönju Tetzlaff. Þau eru heimsfræg og var auðheyrt af hverju. Fiðluleikurinn var í senn nákvæmur og tilfinningaþrunginn. Tæknileg atriði voru eins og best verður á kosið, en tæknin þvældist aldrei fyrir. Fiðlarinn gat gert allt sem hann vildi, enda voru ástríðurnar í tónlistinni óheftar og hamslausar. Sömu sögu er að segja um sellóleikarann. Hljómurinn í sellóinu var svo safaríkur að frábært var á að hlýða.

Eftir hlé var á dagskránni hin svokallaða Skapgerðarsinfónía eftir Carl Nielsen. Kaflarnir eru fjórir og eru þeir innblásnir af eldgömlu sálfræðilíkani. Þar er manninum skipt í fjórar grunnskapgerðir; bjartsýnu týpuna, þá skapbráðu, þunglyndu eða afslöppuðu. Kaflar sinfóníunnar voru því ólíkir og skemmtilega mikil breidd var í tónmálinu. Vänskä naut þess greinilega að miðla hinum mismunandi persónueinkennum til áheyrenda. Tónlistin lék í höndunum á honum.



Frábært var að hlýða á leik systkinanna Christian og Tönju.

Hljómsveitin spilaði af glæsibrag, túlkunin einkenndist af snerpu og hárfínum tímasetningum. Spilamennskan var auk þess sérlega samtaka og pottþétt. Strengirnir voru fallega djúsí, hornablásturinn ákaflega samhljómandi og glitrandi, tréblásararnir hver öðrum betri. Þannig mætti áfram telja. Enda æptu áheyrendur af hrifningu í lokin.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Liflegir tónleikar með flottri tónlist og mögnuðum einleikurum.

Myndlistarsjóður

Opnað verður fyrir umsóknir í myndlistarsjóð 20. september.

Úthlutað verður
- Undirbúningsstyrkjum og styrkjum til minni sýningarverkefna allt að 500.000 kr.
- Styrkjum til stærri sýningarverkefna, útgáfu-/rannsóknarstyrkjum og öðrum styrkjum allt að 2.000.000 kr.

Umsóknarfrestur er til miðnættis 25. október 2016.

Upplýsingar um myndlistarsjóð, umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og leiðbeiningar er að finna á vefsíðu myndlistarráðs.
www.myndlistarsjodur.is

Úthlutað verður í nóvember.



Sveinn Ólafur Gunnarsson og Sólveig Guðmundsdóttir standa sig vel í leikritinu Sóley Rós ræstitæknir, í Tjarnarbíói.

# Sárin skúrast **aldrei** í burtu

**LEIKHÚS**

**Sóley Rós ræstitæknir**

★★★★☆

**Kvenfélagið Garpur**
**Tjarnarbíó**
**Handrit:** María Reyndal og Sólveig Guðmundsdóttir
**Leikarar:** Sólveig Guðmundsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson
**Leikstjórn:** María Reyndal
**Leikmynd og lýsing:** Egill Ingibergsson
**Video:** Alain Giraud
**Búningar:** Margrét Einarsdóttir
**Tónlist og hljóðmynd:** Úlfur Eldjárn



Sóley Rós hefur sögu að segja. Þessi saga er einstök, átakanleg og hennar. Vettvangur hennar er Tjarnarbíó og verkið sem rammar inn frásögn hennar, undir nafni og starfstitli, var frumsýnt síðastliðna viku. Það er leikhópurinn Kvenfélagið Garpur sem stendur fyrir sýningunni en hann hefur birtingarmyndir kvenna á sviði og jafnframt í heiminum að leiðarljósi. Leikverkið er nýtt og brýn áminning um mikilvægi íslenskrar leikritunar, þá möguleika sem felast í frumsköpun leikhandrita og hvaða möguleika sjálfstæða sviðslistasenan hefur að geyma.

Kvenlíkamar eru pólitískir, hið persónulega líka. Fræðafólk tuttugustu aldarinnar endurskipulagði og endurskoðaði sögur kvenna til að sýna fram á raunverulegt framlag þeirra til samfélagsins, sem oftar en ekki var falið innan veggja heimilisins. Konur taka til sín vald og búa sér til stærra pláss í heiminum með því að segja sögur sínar, sögur sem samfélagið hefur metið annaðhvort óverðmætar eða léttvægar. Þöggunin birtist á marga vegu, s.s. innan stofnana, í orðræðu fjölmiðla og persónulegum samskiptum.

Af þessum sökum er sýningin rammpólitísk en tekst að sama skapi að vera bráðskemmtileg og áhrifamikil. María Reyndal, sem einnig leikstýrir, og Sólveig Guðmundsdóttir, sem leikur Sóleyju Rós, standa fyrir handritinu en það er unnið nánast orðrétt upp úr viðtölum við hina einu sönnu Sóleyju. Þær ganga til verks á skýran hátt og passa ávallt að leyfa sögu þeirra Sóleyjar og Halla, sambýlismanns hennar, að vera miðpunkturinn. Um leið og áhorfendur telja sig hafa náð taumhaldi á framvindunni snúa þær verkinu á hvolf og sýningin umbreytist.

Átakapunktar sýningarinnar, eins og áður segir, snúast um tilvist, reynslu og raunir Sóleyjar Rósar og Sólveig sýnir hér hvers hún er virkilega megnug sem leikkona. Þessi hispurslausa kona hikar ekki við að deila skoðunum sínum og setur börnin sín ávallt í fyrsta sætið. Nálgun Sólveigar er laus við prjál en opnar fyrir allar tilfinningalegar flóðgáttir þegar harmleikurinn knýr dyra þannig að nánast óbærilegt verður á að horfa. Henni til halds og trausts er Sveinn Ólafur Gunnarsson í hlutverki Halla, sambýlismannsins hennar. Sveinn leysir hlutverk sitt vel af hendi og er eftirminnilegastur þegar hann dregur úr húmornum og sýnir sársauka manns sem getur ekki fundið réttu orðin til að lýsa sorg sinni.

Sóley Rós talar við áhorfendur, ekki til þeirra, hún messar ekki heldur deilir reynslu sinni. Afslöppuð en manneskjuleg afstaða þeirra Sóleyjar og Halla skapar afslappað andrúmsloft sem gerir harmleik þeirra enn þá átakanlegri. Þarna tekst Maríu vel upp en hún gefur karakterum verksins pláss til að deila sögu sinni með tempraðri leikstjórn.

Umgjörðin er látlaus, líkt og leikstjórnin, en vel heppnuð enda í góðum höndum Egils Ingibergssonar sem sér bæði um leikmynd og lýsingu. Svipaða sögu má segja um búninga Margrétar Einarsdóttur en aftur á móti fékk ágætis myndbandsvinna Alains Giraud ekki að njóta sín nægilega vel. Um tónlist og hljóðmynd sér Úlfur Eldjárn en handbragð hans á hljóðmyndinni var virkilega vel útfært.

Sóley Rós ræstitæknir hefur sögu að segja. Þessi saga er einstök, átakanleg og hennar. En á sama tíma er reynslusaga hennar og Halla áþekk fjölmörgum sögum sem við höfum heyrt áður, eins konar allegóría fyrir upplifun fjölmargra kvenna, foreldra og einstaklinga í íslensku samfélagi. Nú er lag að hvetja áhorfendur til að sýna sjálfstæðu sviðslistasenunni stuðning, Sóley Rós ræstitæknir á það fyllilega skilið.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Umbúðalaus en áhrifarík sýning.

# Mannakorn

## í Eldborg, 1. október

Mannakorn er ein ástsælasta hljómsveit landsins og kemur nú fram í Eldborgarsal Hörpu í fyrsta sinn.

Sveitinni til halds og trausts er fantagóð strengja– og blásturssveit sem mun gæða öll bestu lög sveitarinnar einstökum blæ.

Miðasala er á tix.is, harpa.is og í miðasölu Hörpu.

DÆGURFLUGAN HARPA

SAMBÍÓIN SAMbio.is

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| SULLY VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| BLAIR WITCH | KL. 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 8 - 10:10 |
| KUBO OG STRENGIRNIR TVEIR ÍSLTAL | KL. 5:40 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 6 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| SULLY | KL. 6:50 - 8 - 9 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 10:30 - 11:10 |
| WAR DOGS | KL. 8 |
| PELÉ: BIRTH OF A LEGEND | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| WAR DOGS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| BEN-HUR | KL. 8 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:30 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| SULLY | KL. 8 |
| BLAIR WITCH | KL. 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 10:30 |
| KUBO OG STRENGIRNIR TVEIR ÍSLTAL | KL. 5:40 |
| WAR DOGS | KL. 8 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 10:30 |
| WAR DOGS | KL. 8 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

FORELDRABÍÓ KL. 12 Á FÖSTUDAGINN Í SMÁRABÍÓI

COSI FAN TUTTI 17. október í Háskólabíói

michael bublé HÁSKÓLABÍÓI 25. SEPTEMBER FORSALA HAFIN

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| EIÐURINN | 5:40, 8, 10:20 |
| BLAIR WITCH | 8, 10 |
| KUBO 2D ÍSL.TAL | 6 |

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. SEPTEMBER

### Tónlist

**Hvað?** Gunnar Kvaran píanóleikari
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Gunnar Kvaran píanóleikari verður kvöldgestur í Hannesarholti í kvöld klukkan 20. Þar mun hann meðal annars leika verk eftir Bach og fleiri. Hann mun líka lesa frumsamdar hugleiðingar og skemmtisögu, spjalla við gesti og svara fyrirspurnum.

**Hvað?** Gulli Briem og Earth Affair
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Gamla bíó
Hljómsveit trommuleikarans Gulla Briem, Earth Affair, fagnar útgáfu plötunnar „Liberté“ sem kom út nýlega, með glæsilegum útgáfutónleikum í Gamla bíói í kvöld. Þetta er þriðja sólóverkefni Gulla, en hann semur megnið af tónlistinni í samvinnu við Jökul Jörgensen, ljóðskáld og bassaleikara. Þeim til fulltingis á tónleikunum verða Arnar Guðjónsson úr Leaves á gitar og Magnus Johannesen á hljómborð.

**Hvað?** KexJazz // Mitch Frohman kvartett
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel
Í kvöld kemur fram kvartett bandaríska saxófónleikarans Mitch Frohman, en hann er heimsþekktur fyrir störf sín á sviði latínjazz tónlistar. Frohman lék um 25 ára skeið með hljómsveit slagverksstjórnunnar Tito Puente og hefur einnig starfað með snillingum á borð við Mongo Santamaria, Matchito og Celia Cruz. Á sviði popptónlistar hefur hann leikið með listamönnum á borð við Paul Simon, Cyndi Lauper, Talking Heads og Blood, Sweat and Tears. Þess má geta að Mitch Frohman hljóðritaði upprunalega útgáfu stefs sjónvarpsþáttanna geysivinsælu „Sex and the City“. Með Mitch Frohman leika þeir Eyþór Gunnarsson á píanó, Þorgrímur Jónsson á bassa og Joel Mateo á trommur. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Una Stef á Rosenberg
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Í kvöld munu tónlistarkonan Una Stef og gítarleikarinn Daníel Helgason slá upp tónleikum á Café Rosenberg. Nýjar og smærri útsetningar á lögum Unu verða í fyrirrúmi ásamt nokkrum vel völdum ábreiðum. Tilvalið tækifæri til að ylja sér við kertaljós og ljúfa tóna á svölu haustkvöldi. Aðgangseyrir 1.500 kr.

### Fundir

**Hvað?** Hádegisfundur um nýútkomna bók Jóns G. Bernburgs um búsáhaldabyltinguna
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Askja, stofa N-132
Félag stjórnmálafræðinga stendur fyrir hádegisfundi um nýútkomna bók Jóns Gunnars Bernburgs um mótmælin 2008-09 í kjölfar efnahagshrunsins, „Economic Crisis and Mass Protest: The Pots and Pans Revolution in Iceland“. Fundurinn er haldinn í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.
Í bók Jóns Gunnars, skýrir hann hvernig fjármálakreppan leiddi til stigvaxandi fjöldamótmæla á tímabilinu október 2008 til janúar 2009. Um er að ræða tilviksrannsókn, fjölbreyttum aðferðum var beitt til þess að skoða atburði og þátttakendur, þar á meðal viðtölum við mótmælendur, könnunum á mótmælaþátttöku almennings og greiningu á orðræðunni í samfélaginu. Íslensku atburðirnir eru settir í samhengi við fjöldamótmæli sem hafa átt sér stað víða um heim í kjölfar fjármálakreppunnar.

**Hvað?** Hjólaleigukerfi í Reykjavík
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Askja, stofa 129
Daði Hall flytur fyrirlestur um verkefni sitt til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræði. Heiti verkefnisins er Hjólaleigukerfi í Reykjavík. Markmið þessa verkefnis var að útskýra og kanna grundvöll fyrir mögulegri uppsetningu á hjólaleigukerfi innan Reykjavíkur.

**Hvað?** Staða leikjaiðnaðarins á Íslandi – málstofa viðskiptafræðideildar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Háskólatorg 101
Stefanía G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri CCP, flytur erindi á málstofu viðskiptafræðideildar. Stefanía hefur leitt þróunarstarf CCP í Kína sem yfirmaður þróunarsviðs skrifstofunnar í Shanghaí. Hún hafði umsjón með þróun Gunjack, mest selda sýndarveruleikaleiks, heims, og með fjölspilunarleik EVE online í Kína. Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.



Hljómsveit trommuleikarans Gulla Briem, Earth Affair, fagnar útgáfu plötunnar „Liberté“ í Gamla bíói í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

### Uppákomur

**Hvað?** Námskeið um lífrænar varnir í heimilisgarðinum
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Grasagarður Reykjavíkur
Garðyrkjufélag Íslands – stofnað 1885, Grasagarður Reykjavíkur og Landbúnaðarháskóli Íslands standa fyrir afar spennandi námskeiði fyrir almenning um lífrænar varnir í heimilisgarðinum. Á námskeiðinu verður farið yfir helstu skaðvalda í gróðurhúsum og sólskálum, fjallað um forvarnir og síðast en ekki síst hvað hægt sé að gera þegar meindýr eru á annað borð farin að láta að sér kræla.

**Hvað?** Augnablikið - Ljósmyndasýning Þórunnar Elísabetar
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Hannesarholt
Þórunn Elísabet hefur starfað innan leikhússins í rúm þrjátíu ár og getið sér gott orð fyrir búningahönnun og sviðsmyndir. Meðfram fjölbreyttu og krefjandi starfi í leikhúsum og kvikmyndagerð hefur Þórunn Elísabet unnið að myndlist og hefur hún haldið einkasýningar ásamt því að taka þátt í ýmsum samsýningum.

**Hvað?** Art in the (g/b)ag(e)
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gallery Port, Laugavegi
Á þessari sýningu sýnir stór hópur listamanna verk sín. Verkin eru margvísleg og fá nýja merkingu í samhengi við önnur verk. Sýningin skírskotar að sjálfsögðu til samtíma síns jafnt sem annarra tíma.



**Félag stjórnmálafræðinga stendur fyrir hádegisfundi í Háskóla Íslands, um nýútkomna bók Jóns Gunnars Bernburgs um mótmælin 2008-09 í kjölfar efnahagshrunsins.** MYND/KRISTINN INGVARSSON

### Uppistand

**Hvað?** Reykjavík Comedy Walk
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Lækjartorg
Fáðu þér göngutúr um Reykjavík. Darren Foreman og Helgi Jóhann koma þér til að hlæja í stórskemmtilegri gönguferð um Reykjavík. Aðgangseyrir er 3.000 krónur.

BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Neon Demon | 17:30, 20:00, 22:30 |
| Me Before You | 17:45 |
| Hrútar ENG SUB | 18:00 |
| Yarn ENG SUB | 20:00 |
| Þrestir / Sparrows ENG SUB | 20:00 |
| Viva ENG SUB | 22:00 |
| Fúsi / Virgin Mountain ENG SUB | 22:00 |


STÖÐ 2 ER STOLT AF ÞVÍ AÐ VERA
HEIMILI HBO Á ÍSLANDI
GAME OF THRONES
BESTA DRAMAÞÁTTARÖÐIN 2016
12 EMMY VERÐLAUN Í HEILDINA
The buck stops somewhere near here.
Julia Louis-Dreyfus
VEEP
VEEP
BESTA GAMANÞÁTTARÖÐIN
BESTA LEIKKONA Í GAMANÞÆTTI
BESTA VAL Á LEIKURUM
LAST WEEK TONIGHT WITH JOHN OLIVER
BESTI SKEMMTI- OG SPJALLÞÁTTURINN
AUK BESTA HANDRIT FYRIR SKEMMTIÞÁTT.
LAST WEEK TONIGHT
JOHN OLIVER
NÝIR ÞÆTTIR FRÁ HBO Í HAUST
EVERY HERO HAS A CODE
WESTWORLD
QUARRY
insecure
premieres sunday OCT.9 10:30 PM
DIVORCE
HBO
HIGH MAINTENANCE
HEIMILI HBO
©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á 365.IS EÐA Í SÍMA 1817.
365




ÞRÆLGÓÐUR
ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365



THE PATH

Eddie Lane lætur hrífast af kenningum sértrúarsafnaðar og skömmu síðar snýst veröld hans á hvolf og hann stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum. Dramatískir og stórgóðir nýir þættir með Aaron Paul úr Breaking Bad í aðalhlutverki.



UNDERGROUND

Hópur þræla ákveður að flýja harðstjóra sína á plantekru í Georgíu og þarf að leggja allt í sölurnar til þess að elta draum sinn um frelsi og betra líf. Magnaðir nýir þættir sem gerast um miðja 19. öld.

MURDER IN THE FIRST

Stórgóðir spennuþættir þar sem Englis og Mulligan rannsaka flókin glæpamál sem upp koma í San Francisco.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag. **365.is**




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Loonatics Unleashed**
**07.50 The Middle**
**08.15 Mike & Molly**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.40 The Doctors**
**10.20 Junior Masterchef Australia**
**11.10 Suits**
**11.50 Empire**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Britain's Got Talent**
**14.00 Britain's Got Talent**
**15.00 Fresh off the Boat**
**15.20 Nashville**
**16.00 Nashville**
**16.55 Bold and the Beautiful** Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tískuheiminum en miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabarátta og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja stundum mark sitt starfsemina og ekki hjálpa flóknu fjölskyldutengslin til.
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 2 Broke Girls**
**19.40 Vice Principals**
**20.15 Major Crimes**
**21.00 The Path**
**21.55 Underground**
**22.45 Murder in the First** Þriðja syrpan af þessum hörkuspennandi þáttum þar sem sakamál eru til umfjöllunar frá upphafi til enda út þáttaröðina. Stjörnuleikstjórnandi í amerísku fótboltanum er myrtur fyrir framan fjölda manns á vinsælum skemmtistað. Rannsóknarlögreglutymið Terry English og Hildy Mulligan kalla ekki allt ömmu sína og velta við öllum steinum á leið sinni til þess að finna sannleikann í þessum máli sem og öðrum sem verða á þeirra vegi. Með aðalhlutverk fara Taye Diggs og Kathleen Robertson.
**23.25 Bones**
**00.10 Orange Is the New Black**
**01.25 Getting On**
**01.55 Legends**
**02.35 100 Code**
**03.20 Girls**
**03.45 Transparent**
**04.15 Home Run**
**06.05 The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Pepsímörkin**
**08.30 Man. City - Bournemouth**
**10.10 Hull - Arsenal**
**11.50 Chelsea - Liverpool**
**13.30 Messan**
**14.50 Stjarnan - ÍA**
**16.40 Pepsímörkin**
**18.10 Þýsku mörkin**
**18.40 Leicester - Chelsea**
**20.45 Premier League Review**
**21.40 Spænsku mörkin**
**22.10 Þýski boltinn**
**23.50 Leicester - Chelsea**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.45 Víkingur R. - Fylkir**
**10.35 Þróttur R. - Víkingur Ó.**
**12.25 Þýski boltinn**
**14.05 Football League Show**
**14.35 Crystal Palace - Stoke**
**16.15 Leicester - Burnley**
**17.55 Þýski boltinn**
**20.00 LA Rams - Seattle Seahawks**
**22.20 FH - Valur**

## STÖÐ 3

**17.50 Raising Hope**
**18.15 The Big Bang Theory**
**18.35 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.55 Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
**20.25 The Last Man on Earth**
**20.50 The Americans**
**21.35 The Mentalist**
**22.20 Legends of Tomorrow**
**23.05 Salem**
**23.50 The Vampire Diaries**
**00.30 Fóstbræður**
**01.00 Entourage**
**01.25 Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
**01.55 The Last Man on Earth**
**02.15 The Americans**
**03.00 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Könnuðurinn Dóra**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.37 Stóri og Litli**
**09.49 Hvellur keppnisbíll**
**10.00 Latibær**
**10.25 Brunabílarnir**
**10.47 Mæja býfluga**
**11.00 Könnuðurinn Dóra**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**13.00 Strumparnir**
**13.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.37 Stóri og Litli**
**13.49 Hvellur keppnisbíll**
**14.00 Latibær**
**14.25 Brunabílarnir**
**14.47 Mæja býfluga**
**15.00 Könnuðurinn Dóra**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**17.00 Strumparnir**
**17.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.37 Stóri og Litli**
**17.49 Hvellur keppnisbíll**
**18.00 Latibær**
**18.25 Brunabílarnir**
**18.47 Mæja býfluga**



Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47

## GOLFSTÖÐIN

**09.00 Italian Open**
**13.00 Evian Championship**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Italian Open**
**22.50 Golfing World**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.40 American Graffiti**
**12.30 Ocean's Thirteen**
**14.35 The Jane Austen Book Club**
**16.20 American Graffiti**
**18.10 Ocean's Thirteen** Þriðja myndin um glæpagengi Dannys Ocean sem ákveður enn og aftur að láta til skarar skríða og fremja stærsta ránið til þessa. Myndin skartar rétt eins og þær fyrri þekktustu leikurum Hollywood, George Clooney, Brad Pitt og Matt Damon, og nú hefur Al Pacino bæst í þennan fríða flokk.
**20.15 The Jane Austen Book Club**
**22.00 The Mummy** Ævintýramynd sem gerist á fyrri hluta 20. aldar. Harðjaxlinn Rick O'Connell er kominn til hinnar fornu borgar Hamunaptra í Egyptalandi. Hlutverk hans er að aðstoða fornleifafræðinga sem eru að kynna sér sögulegt grafhýsi. Þar er m.a. að finna háttsettan klerk sem var lokaður inni lifandi fyrir mörgum öldum í kjölfar ástríðuglæps. Svo illa vill til að múmían vaknar til lífsins þegar Rick og félagar eru að sinna störfum sínum og í kjölfarið verður fjandinn laus.
**00.05 So I Married an Axe Murderer**
**01.40 Confirmation**
**03.30 The Mummy**

## RÚV

**14.50 Poirot**
**16.25 Táknmálsfréttir**
**16.35 Ísland - Skotland**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Með okkar augum**
**20.45 Sjálfsskaði – hin duldu sár**
**21.15 Innsæi**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Skylduverk**
**23.20 Næturvörðurinn**
**00.05 Kastljós**
**00.35 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Black-ish**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Biggest Loser**
**09.45 The Biggest Loser**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.50 Dr. Phil**
**13.30 Superstore**
**13.55 Hotel Hell**
**14.40 Philly**
**15.25 Odd Mom Out**
**15.50 Survivor**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 The Odd Couple**
**20.15 Crazy Ex-Girlfriend**
**21.00 Rosewood**
**21.45 Mr. Robot**
**22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Swingtown**
**00.35 Sex & the City**
**01.00 Heartbeat**
**01.45 Queen of the South**
**02.30 Rosewood**
**03.15 Mr. Robot**
**04.00 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.40 The Late Late Show with James Corden**
**05.20 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# GÓMSÆTAR CHICAGO TOWN PIZZUR

Chicago Town
2 í pakka / 3 teg.
Verð
**399**
Kr. Pk




OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**






# Söfnunaráráttan kom loks til góða

**Yfirlitssýning um feril Björgvins Halldórssonar verður opnuð í Rokksafninu í Reykjanesbæ í nóvember. Söngvarinn á mikið safn muna sem verða til sýnis og kveðst vera með söfnunaráráttu á hættulegu stigi.**

Ég tók nú bara vel í þetta. Þetta er glæsilegt safn og skemmtilegt verkefni og þegar þau höfðu samband þá rann upp fyrir mér ljós af hverju ég væri að safna öllum þessum hlutum, það hlaut að koma að notum á einhverjum tímapunkti,“ segir tónlistarmaðurinn farsæli Björgvin Halldórsson. Yfirlitssýning um feril hans verður opnuð 12. nóvember í Rokksafninu í Reykjanesbæ. Sýningin tekur við af yfirlitssýningu um Pál Óskar og mun standa næsta árið.

Björgvin hefur verið iðinn við að safna munum og minningum frá ferlinum og segir söfnunaráráttuna komna á „hættulegt stig“.

„Móðir mín safnaði úrklippum þegar ég byrjaði ferilinn og svo hefur bæst í þetta með árunum. Þetta er ekki bara af mér, heldur líka frá samstarfsfólki mínu úr bransanum. Stundum hringja vinir mínir og spyrja hvort ég eigi nokkuð plaköt frá hinum og þessum viðburðum og þá svara ég einfaldlega: „Hvaða lit viltu?“ Einhver verður að safna þessu og halda til haga,“ segir hann og hlær.

Inntur eftir því hvort erfitt sé að velja efni á sýninguna úr öllu þessu magni, segir Björgvin svo ekki vera. „Ég er ekki að gera þetta einn. Ég vinn með þessu frábæra fólki í Hljómahöllinni og Birni G. Björnssyni og er því í góðum höndum. Við erum að fara í gegnum allt efnið núna og velja úr,“ segir hann.



Björgvin Halldórsson ásamt börnum sínum, tónlistarfólkinu Krumma, sem gjarnan er kenndur við Mínus, og Svölu. MYND/MUMMI LÚ

Sýningin mun meðal annars innihalda viðtöl, fatnað, brot af viðamiklu gítarsafni söngvarans og auðvitað sögur frá ferlinum.

Þegar litið er yfir farinn veg segir Björgvin ýmislegt standa upp úr en nefnir fyrst allt það góða fólk sem honum hefur hlotnast sá heiður að vinna með. „Allir þessir góðu samstarfsmenn og -konur sem ég hef kynnst og unnið með í gegnum tíðina, það stendur helst upp úr eftir öll þessi ár. Af plötunum eru það dúettarnir og svo eru mér minnisstæðir tónleikarnir með Sinfó og allir jólatónleikarnir.“ sara@frettabladid.is



Langur og litríkur ferill Björgvins Halldórssonar hófst á menntaskólaárunum í Flensborg. Yfirgripsmikil sýning á tónlistarferli hans verður opnuð í Rokksafninu 12. nóvember. MYND/SIGGA ELLA

**STUNDUM HRINGJA VINIR MÍNIR OG SPYRJA HVORT ÉG EIGI NOKKUÐ PLAKÖT FRÁ HINUM OG ÞESSUM VIÐBURÐUM OG ÞÁ SVARA ÉG EINFALDLEGA: „HVAÐA LIT VILTU?“**

## Björgvin er skemmtilegur karakter

„Við höfðum heyrt að Björgvin væri rosalega mikill safnari og henti ekki neinu og ætti því mikið efni sem nýta mætti í sýningu sem þessa. Svo er hann líka einstaklega skemmtilegur karakter sem hefur gert margt áhugavert í gegnum tíðina; hann var til dæmis skemmtanastjóri á Broadway um tíma og sjónvarpsstjóri Bíóstöðvarinnar – það er því margt áhugavert sem leynist á sýningunni,“ segir Tómas Young, framkvæmdastjóri Hljómahallar og Rokksafnsins. Undirbúningur fyrir sýninguna hefur staðið frá því í ársbyrjun.



Tómas Young, framkvæmdastjóri Rokksafnsins og Hljómahallar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


THE GREATEST LOVE OF ALL
ELDBORG
14 MARS
KL 20.00
THE
Belinda Davids er
WHITNEY
HOUSTON
SHOW
Öll frægustu og þestu lög hennar í ótrúlegri hljómleikasýningu
HLJÓMSVEIT-RADDIR-DANSARAR
Miðasala á harpa.is-tix.is og í síma 528 50 50

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Erlu Bjargar Gunnarsdóttur




# Til þeirra sem hugsa um börnin mín

Leikskólabarn er í um 2.700 vökustundir heima á ári en foreldrar sem hafa börnin sín aðra hverja viku fá 1.350 vökustundir á ári. Leikskólastarfsmenn eru 1.800 vökustundir á ári með leikskólabörnum í átta tíma vistun. Starfsmenn í leikskóla hafa sjö hundruð sinnum skipt um bleyju á hverju barni. Gefið þeim á fjórða þúsund máltíða. Ef ég gef mér að barn meiði sig eða verði dapurt tvisvar í viku þá hefur leikskólastarfsmaður huggað hvert barn um fjögur hundruð sinnum. Miklu oftar hafa þau fengið hlýjan faðm í dagsins önn. Örugglega mörg þúsund sinnum.

Í síðustu viku var kynnt aðgerðaáætlun borgarinnar til að bregðast við neyðarástandi á leikskólum vegna fjárskorts og manneklu. Áætlunin var kynnt eftir mikinn þrýsting bugaðra leikskólastjóra sem loks fengu foreldra í lið með sér. Þegar það var farið að senda börn heim og atvinnulífið bylti sér.

Ég fagna samstöðu foreldra með starfsfólki leikskóla. En þetta var kornið sem fyllti löngu yfirflæðandi mælinn. Í mörg ár höfum við vitað að leikskólakennarar eru með léleg laun, að starfið sé fjársvelt, vinnuaðstæður erfiðar og streita hrjái stéttina. Enn er langt í land þótt örlítill plástur sé kominn á sárið.

Mér finnst að við ættum alla daga að vera í liði með fólkinu sem skeinir, huggar, matar og svæfir börnin okkar. Sem kennir þeim félagsfærni, dýpkar skilning þeirra og sál, svarar flóknum spurningum og hlær með þeim. Fólkinu sem segir okkur sögur af börnunum okkar þegar við sækjum þau í lok dags.

Foreldrar eru stór og sterkur hópur. Notum rödd okkar. Og ekki bara inniröddina, eins og sagt er á leikskólanum.








